



ÁRSSKÝRSLA EFLINGAR 2024



Ársskýrsla Eflingar stéttarfélags 2024

Ritstjóri: Freyr Rögnvaldsson

Ábm.: Sólveig Anna Jónsdóttir

Hönnun og umbrot: Jón Ingi Stefánsson

Prentun: Litlaprent

Ársskýrsla Eflingar stéttarfélags byggir á heimildum og gögnum félagsins. Umfjöllun um hvert svið skrifstofu Eflingar byggir á upplýsingum frá sviðunum sjálfum. Þá er stuðst við fundargerðir, gögn sem eiga uppruna sinn í kjaraviðræðum auk heimilda frá stjórn Eflingar og stjórnnum sjóða félagsins.

Allur réttur áskilinn.

Efnisyfirlit

Ávarp formanns	4
Inngangur framkvæmdastjóra	6
Mannauður skrifstofu Eflingar	8
Þróun félagahóps Eflingar	9
Starfsemi Fjármálasviðs	9
Starfsemi Þjónustusviðs	10
Starfsemi Vinnuréttindasviðs	12
Starfsemi Orlofssviðs	14
Upplýsinga- og kynningarmál	15
Fræðslu- og félagsmál	16
Félagslegt starf	19
Kjaraviðræður og störf samninganefnda	19
Stjórnir Eflingar	21
Samstæðuársreikningur	22

Ávarp formanns

Sólveig Anna Jónsdóttir

Kæru Eflingarfélagar.

Í lýðræðissamfélagi eru vinnumarkaðsréttindi einn hornsteinn félagslegs stöðugleika og efnahagslegs réttlætis. Hörð og markviss barátta verkafólks, kvenna og karla, byggði upp velferðarsamfélag Norðurlandanna, þá samfélagsgerð sem við viljum lifa í og erum stolt af. Stéttskiptingin sem fengið hefur að vaxa í landinu okkar grefur hins vegar undan velsæld allra, byggðri á vinnu og verðmætasköpun vinnandi fólks.

Í Eflingu eru um 28.000 félagar. Við erum lang stærsta félag verkafólks og annað stærsta stéttarfélag landsins. Því er augljóst að viðsemjendur okkar, hvort sem um ræðir Samtök atvinnulífsins eða opinbera launagreiðendur, eiga að sýna Eflingu virðingu og halda við okkur trúnað og frið.

Við erum vinnuafli höfuðborgarsvæðisins – okkar vinna skapar verðmætin og knýr áfram hagvöxtinn. Það er því óþolandi að sjá bæði almenna og opinbera viðsemjendur félagsins ganga á bak gerðum samningum við okkur.

Ræstingafyrirtæki innan SA leita allra leiða til að komast hjá því að greiða sérstakar hækkanir, leiðréttingu á kjörum ræstingafólks sem um var samið í kjarasamningum á almennum markaði, þrátt fyrir að skila gríðarmiklum hagnaði.

Einn okkar stærstu viðsemjenda, Reykjavíkurborg, hefur fært útvöldum hópum verulegar umframhækkanir, hækkanir sem fara langt út fyrir ramma þeirra samninga sem undirritaðir voru bæði á almenna og opinbera markaðnum í þessari kjarasamningalotu.

Viðsemjendur okkar láta sem þeir vilji vinna að efnahagslegum stöðugleika og friði á vinnumarkaði í viðræðum við Eflingu, en um leið og samningar hafa verið undirritaðir



hefst bak við tjöldin atburðarás sem snýst um að grafa undan markmiðum samninganna. Slik hegðun er ekkert annað en skilaboð til okkar. Það sem við lesum út úr þessum skilaboðum er að það er ennþá brýnt að sýna öllum fram á að samningsrof við Eflingarfélag hafa afleiðingar.

Kæru Eflingarfélagar. Við stöndum frammi fyrir mörgum áskorunum og vandamálum, sem ekki eru auðleyst. Til viðbótar við það sem upp var talið þurfum við líka að berjast við atvinnurekendur sem hafa stofnað

svika-stéttarfélag í þeim eina tilgangi að lækka laun verkafólks.

Stéttarfélag háskólamenntaðra líta á það sem sitt stærsta baráttumál að vinna gegn þeim árangri sem við höfum náð í kjarasamningum og breikka á ný bilið á milli verkafólks og þeirra sem eru með háskólamenntun. Þegar við erum ekki tilbúin til að sætta okkur við málflutning fullan af stéttaandúð í okkar garð erum við sökuð um að etja saman stéttum, líkt og að mikill launamunur á milli stétta sé náttúruleg mál og það að andmæla



Því sé einhverskonar glæpur. Krafan á hendur okkur virðist vera sú að við viðurkennum að við séum minna virði en aðrir – en það munum við aldrei gera. Við vitum að við erum ómissandi og við krefjumst fullrar viðurkenningar á þeirri staðreynd.

Vinsælt er að láta sem frumkvöðlar, fjárfestar eða jafnvel meðlimir há-launahópanna sem starfa hjá hinu opinbera skapi verðmæti samfélagsins. Við vitum aftur á móti að raunveruleg auðsköpun verður til með vinnu okkar – verkafólks sem notar vöðvafl sitt og vitsmuni til að halda uppi öllum okkar grundvallarkerfum, hvort sem er á almenna eða opinbera vinnumarkaðnum. Við berum í raun mesta ábyrgð í þjóðfélaginu, við framleiðum verðmætin og búum til hagvöxtinn, sem allt samfélagið nýtur svo góðs af.

Við í Eflingu setjum fram einbeitta og háværa kröfu um að þessi staðreynd fái viðurkennd. Við vitum að samfélag sem viðurkennir grundvallarmikilvægi verkafólks og sýnir því virðingu í einu og öllu er samfélag sem viðheldur og nærir félagslegan jöfnuð og stöðugleika, öllum til hagsbóta.

Barátta Eflingar er barátta fyrir Eflingarfólk. Við erum fjölmennur hópur alls staðar að úr heiminum, en

við horfum aldrei á það sem aðgreinir okkur og alltaf á það sem að sameinar okkur. Það gerir okkur sterk og eykur líkur okkar á að ná raunverulegum árangri. Samstaða, hugmyndaauðgi, baráttuvilji og að vera ávallt óhrædd; það eru gildin okkar. Við höfum engan áhuga á að vera hluti af leikmyndum annarra eða eyða tíma okkar í verkefni sem snúast ekki um að ná raunverulegum og mælanlegum árangri. Athygli okkar beinist á því hvernig Efling nær árangri fyrir Eflingarfólk. Við erum einbeitt í öllu því sem við tökum okkur fyrir hendur – markmið okkar er að vera fremst í flokki kjarabaráttu bæði karla og kvenna.

Kæru félagar. Þrátt fyrir fjölmargar og flóknar áskoranir er þó margvið sem við getum verið ánægð með. Félagið okkar stendur afskaplega vel. Hugrökk ákvörðun stjórnar Eflingar árið 2022 um að umbreyta öllu starfi félagsins hefur skilað gríðarmiklum árangri, bæði félagslegum og rekstrarlegum. Eflingarfélagar ákváðu að Eflingu skyldi vera stjórnað með þeirra hagsmuni í fyrsta sæti og þrátt fyrir mikla andstöðu gáfumst við aldrei upp á því verkefni. Það hefur komið okkur á stað sem hlýtur að vekja stolt hjá okkur öllum.

Við höfum haldið áfram að veita félagsfólki styrkingu og þjálfun í því að vera sjálf leiðtogar á sínum vinnustöðum og í sinni kjarabaráttu, til dæmis með því að gerast trúnaðarmenn og að taka þátt í fjölmennum samninganefndum. Við fjölgum nú stöðugt í röðum trúnaðarmanna okkar og við erum sífellt að þróa og efla störf trúnaðarráðs. Við styrkjum nærveru okkar á vettvangi félagsfólks, til dæmis með mótmælaaðgerðum, með heimsóknum vettvangsfulltrúa á vinnustaði til að afla trúnaðarmanna og með vinnustaðafundum sem trúnaðarmenn sjálfir skipuleggja. Við viljum að Efling verði stéttarfélag sem allir félagsmenn eru stoltir af að vera meðlimir í og við viljum að þeir upplífi félagið ávallt sem sína eign og sitt baráttutæki.

Í verkalýðsfélagi þar sem félagsfólk styður hvert annað og stendur saman eykst styrkur allra. Traust og tengsl myndast, möguleikar á góðum árangri í baráttunni fyrir efnahagslegu réttlæti vaxa og við verðum öll fær um að bera höfuðið hátt. Árskýrslan sem hér fylgir er vitnisburður um að við erum á réttri leið í því stóra og merkilega verkefni. 

Inngangur framkvæmdastjóra

Perla Ösp Ásgeirsdóttir

Starfsemi skrifstofu Eflingar stéttarfélags á árinu 2024 mótaðist einna helst af innleiðingu, og síðar uppskeru, á þeim umbreytingaverkefnum sem hófust á árinu 2023. Á það sérstaklega við um innleiðingu Tótal félagakerfisins, nýs bókhaldskerfis og síðast en ekki síst móttöku skilagreina.

Slíkar umbreytingar kalla á heildarendurhögun verklags og aðlögun að nýjum starfsháttum. Óhætt er að segja að þær aðgerðir hafi gengið vonum fram. Þjónusta við félagsfólk hélt nánast ótrufluð allan innleiðingartímann og er ekki að merkja annað en að félagsfólk hafi auðveldlega náð að tileinka sér nýjar Mínar síður Eflingar. Starfsfólk Eflingar tókst á við innleiðingarnar af metnaði og hefur verklag við afgreiðslu erinda félagsfólks verið einfaldað til muna. Einnig hafa útgreiðslur styrkja gengið vonum fram og í lok ársins voru styrkir greiddir út vikulega. Nánar er fjallað um þjónustu við félagsfólk og útgreiðslur styrkja í umfjöllun um starfsemi Þjónustusviðs.

Móttaka skilagreina

Árið 2024 var fyrsta ár í sögu Eflingar þar sem félagið tók á móti skilagreinum vegna félagsgjalda undir eigin formerkjum. Nú hefur félagið mun betri sýn á skil og heimtur skilagreina sem og yfirlit yfir félagsfólk og starfsstöðvar þess. Móttöku skilagreina fylgdi að félagið tók einnig við lögræðilegri innheimtu vanskila félagsgjalda, en til þess hefur félagið gert samning við Motus. Lögræðileg innheimta er ekki hluti af kjarna-starfsemi Eflingar og því betur fyrir komið hjá þriðja aðila. Í góðu samstarfi við Motus voru innleiddir innheimtuferlar hjá félaginu og unnið á vanskilamálum sem höfðu safnast upp hjá fyrri innheimtuaðila.



Vanskil á félagsgjöldum lækkuðu því umtalsvert við þessa breytingu, sem og rekstrarkostnaður, og endurheimtur aukast. Nánar er fjallað um móttöku skilagjalda í umfjöllun um starfsemi Fjármálasviðs.

Framkvæmdir í Guðrúnartúni

Eftir langt og strangt hönnunarferli var endurhögun skrifstofuhúsnæðis Eflingar boðin út á árinu. Félagið gekk til samninga og samstarfs við Sérverk ehf um uppbygginguna og hóf Sérverk enduruppbyggingu

í nóvember. Umfangsmiklar breytingar sem þessar hafa óhjákvæmilega í för með sér þjónustuskerðingu við félagsfólk þar sem nú er takmarkað aðgengi að viðtalsrýmum í Guðrúnartúni ásamt því að VIRK fulltrúar félagsins eru staðsettir hjá VIRK í Borgartúni. Á framkvæmdatíma hefur skrifstofa Eflingar verið færð á 4. hæð í Félagsheimili Eflingar, en slík aðstaða er í raun ekki hönnuð fyrir móttöku félagsfólks. Það er því kappkostað við að ljúka framkvæmdinni á tímaáætlun.

Fram til þessa hefur samstarf og framkvæmd verið til fyrirmyndar og það er von félagsins að framkvæmdum ljúki á áætluðum tíma og með haustinu verði félagsfólk boðið velkomið í umtalsvert betri aðstöðu á 3. hæð.

Starfsfólk Eflingar

Starfsfólki Eflingar fjölgaði nokkuð á árinu. Hluti þeirrar stöðugildaaukningar er tímabundinn vegna flokkunar og sendingar á skjala- og ljósmyndasafni Eflingar til varanlegrar varðveislu hjá Þjóðskjalasafni og Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Einnig er ákveðin stöðugildaaukning vegna áherslu á fræðslu- og félagsmál til félagsmanna Eflingar. Nánar er fjallað um starfsfólk í umfjöllun um mannauð skrifstofu Eflingar.

Jákvæð rekstrarniðurstaða

Rekstrarniðurstaða Eflingar stéttarfélags fyrir árið 2024 var jákvæð um 1.281 m.kr. sem er um 79% hækkun frá fyrra ári. Þessa niðurstöðu má rekja til nokkurra atriða. Á árinu náðust kjarasamningar og hækkuðu laun félagsfólks Eflingar. Samhliða hækkuðu félagsgjöld til Eflingar. Samtals hækkuðu tekjur félagsins um rúmar 328 m.kr. frá árinu 2023.

Kostnaður félagsins lækkaði um rúmar 26 m. kr. milli ára, sem er mjög góð niðurstaða þar sem stöðugildum fjölgaði milli ára og verðbólga ýtti á kostnaðarhækkanir hjá flestum þjónustuaðilum Eflingar. Bætur og útgreiddir styrkir, sem líkt og fyrri ár er lang stærsti gjaldaliður Eflingar, lækkuðu milli ára en þá lækkun má að hluta til rekja til breytinga á starfsreglum Sjúkrasjóðs sem tóku gildi á síðasta aðalfundi félagsins. Kostnaður vegna félagslegs starfs lækkaði einnig milli ára sem má að mestu rekja til lægri aðildarfélagsgjalda í kjölfar þess að Efling gekk úr Starfsgreinasambandinu.

Umtalsverð hækkun varð í kostnaði vegna rekstrar orlofshúsa og annarra orlofstengdrar þjónustu, en þar er kostnaðaraukning um tvöföld milli ára. Á haustmánuðum var sett fram áherslubreyting í orlofsmálum félagsins, bæði er varðar viðhald og staðsetningar sumarhúsa og byggða. Þó nokkur hluti húsa Eflingar þarfn-



aðist verulegra endurbóta og endurnýjunar ásamt því að félagið stóð að byggingu eða kaupum á sex nýjum orlofseignum á árinu. Áfram verður stefnt að endurbótum og fjölgun orlofskosta á komandi árum. Nánar er fjallað um orlofsmál í umfjöllun um starfsemi Orlofssjóðs.

Rekstrarkostnaður félagsins stóð nánast í stað á milli ára sem endurspeglar þá umtalsverðu hagræðingu sem innleiðing nýrra starfshátta undanfarin ár hefur haft í för með sér. Þar er helst að nefna umtalsverða lækkun á upplýsingatæknikostnaði félagsins vegna samstarfs við Tótal og aukið aðhald með birgjum. Einnig var færður til gjalda á árinu kostnaður vegna ráðgjafar og hönnunar í framkvæmdum í Guðrúnartúni 1.

Innheimta félagsgjalda er einnig umtalsverður kostnaðarliður en þar þurfti félagið að færa niður eða afskrifa kröfur sem komu úr innheimtu frá Gildi um rúmar 43 m.kr. Þrátt fyrir það var innheimta félagsgjalda um 20 m.kr. lægri undir stjórn Eflingar en árið áður. Það er von félagsins að niðurfærslur gangi að einhverjum hluta til baka með skilvirkri innheimtu.

Eignasafn Eflingar

Eignasafn Eflingar í verðbréfum og innlánum nam 13 ma.kr. í lok árs 2024, en afkoma fjármagnsliða var

um 860 m.kr. á árinu. Stærstur hluti eignasafnsins er í eigu Sjúkrasjóðs og Vinnudeilusjóðs. Ávöxtun á eignasafni Eflingar var góð á árinu. Samkvæmt fjárfestingar- og áhættustefnu Eflingar sem samþykkt er af stjórn er ekki heimilt að fjárfesta beint í útgefendum fjármálagerninga og því er eignasafn félagsins að hluta í stýringu hjá Landsbankanum og að hluta í innlánum. Með lækkandi vöxtum verður aukin áskorun að ná ávöxtun á eignasafni en fjárfestingarstefna félagsins er að mestu leyti varfærin og eru því sveiflur í ávöxtun safnsins takmarkaðar. Félagið stefnir að ávöxtunarmarkmiði miðað við fjárfestingarstefnu og áhættudreifingu, en með lækkandi vöxtum og óstöðugleika á heimsmörkuðum kann það markmið ekki að nást fyrir komandi ár.

Sá árangur sem náðist í rekstri félagsins á árinu er framúrskarandi, bæði fyrir stjórnendur, starfsfólk og ekki síst félagsfólk Eflingar. Þær umfangsmiklu breytingar á innri starfsemi sem gerðar hafa verið eru smátt og smátt að skila betri þjónustu og hagkvæmari rekstri Eflingar stéttarfélags. Ég vil þakka stjórn, stjórnendum og starfsfólki fyrir staðfestu og styrk á umbreytingatímum liðins árs til hagsbóta fyrir félagsfólk Eflingar. ☞

Mannauður skrifstofu Eflingar

Við lok árs 2024 vann 41 starfsmaður á skrifstofu Eflingar, en það er fjölgun um 6 frá fyrra ári. Fyrst og fremst eru það aukin verkefni og bætt þjónusta við félagsfólk sem skýrir fjölgunina. Einnig skýrist fjölgunin með aukinni notkun félagsfólks á rafrænum lausnum. Með nýjum áherslum eykst þörfin fyrir sérfræðileggingu til að styðja við rekstur og félagslegt starf. Þannig hefur skrifstofa Eflingar til að mynda ráðið bæði upp- lýsingafulltrúa og sérfræðing í upplýsingatækni.

Fjölmennasta sviðið, með tíu starfsmenn, er eftir sem áður Vinnuréttindasvið sem gætir hagsmuna félagsfólks og kemur til aðstoðar ef grunur leikur á að lög séu ekki virt eða brotið sé á samningsbundnum rétti verkafólks. Níu starfa hjá Þjónustusviði sem veitir almennar upplýsingar og greiðir út ýmsa styrki, svo sem sjúkradagpeninga og fræðslustyrki.

Starfsfólki á sviði Fræðslu- og félagsmála hefur fjölgað en mikill kraftur hefur verið í upplýsingastarfi og námskeiðahaldi fyrir trúnaðarmenn, samfara verulegri fjölgun trúnaðarmanna. Á sviðinu starfa nú fimm starfsmenn. Á Orlofssviði starfa einnig fimm manns, en sviðið sér um orlofshús Eflingar og aðra orlofskosti. Þessu til stuðnings starfa nú fjórir á Fjármálasviði og fimm á Rekstrarsviði, sem sér um daglegan rekstur skrifstofunnar og styður önnur svið í sínum störfum. Þá starfa þrír á skrifstofu formanns, formaður Eflingar og tveir sérfræðingar.

Fræðsla starfsfólks

Efling hefur staðið fyrir virkri fræðslu fyrir starfsfólk skrifstofunnar og hafa öll svið notið góðs af, þó fræðslufundirnir hafi flestir verið hjá Vinnuréttindasviði. Til að mynda sat allt starfsfólk skrifstofunnar námskeið um kynferðislega áreitni og ofbeldi á vinnustöðum á vegum ASÍ. Þá sótti starfsfólk aðskilin námskeið á borð við notkun gervigreindar og stjórnnun, svo dæmi séu nefnd. Aukin fræðsla til starfsfólks er liður í að veita faglega, fyrsta flokks þjónustu til félagsfólks Eflingar og tryggja að upplýsingar og vinnulag séu alltaf eins og best verður á kosið.

Kynjaskipting og aldursdreifing

Hjá Eflingu starfar fjölbreyttur hópur. Kynjaskipting er nokkuð jöfn og Efling er með jafnlaunavottun sem tryggir að ekki sé óútskýrður launamunur á milli kynja. Lögð hefur verið áhersla á að ráða til starfa fólk með fjölbreyttan bakgrunn og fólk sem talar ýmis tungumál. Það er að hluta til gert til að auðvelda samskipti við félagsfólk Eflingar, en sem kunnugt er eru nú tæp 60% Eflingarfélaga af erlendu bergi brotin. Reynt er líka að fjölbreytileikinn er skemmtilegur og býr til betri vinnustað með fleiri hugmyndum og skemmtilegri samvinnu. Starfsfólk skrifstofu Eflingar er á öllum aldri, frá 22 til 73 ára, sem er einn af styrkleikum teymisins.

Starfssvið

Fræðslu- og félagsmálasvið

5

Þjónustusvið

9

Orlofssvið

5

Vinnuréttindasvið

10

Fjármálasvið

4

Rekstur

8

Aldursdreifing

20–29

5

30–39

11

40–49

13

50–59

5

60+

8

Kynjaskipting

52%

Konur

48%

Karlar


Skráning og varðveisla heimilda

Allt árið 2024 sinntu starfsmenn Eflingar sérverkefnum tengdum sögu Eflingar. Í geymslum Eflingar var að finna gríðarlegt magn skjala, ljósmynda, hljóð- og myndbandsupptaka og annarra heimilda frá forverum félagsins, það er Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, Verkavennafélagsins Framsóknar, Starfsmannafélagsins Sóknar, Félagi starfsfólks í veitingahúsum, lðju, félagi verksmiðjufólks í Reykjavík og Verkalýðs- og sjómannafélaginu Boðanum. Þessi gögn eru af ýmsu tagi, t.d. fundargerðir, ársreikningar, fréttabréf, samningar og ýmislegt sem tilheyrir sögu stéttarféлага og verkalýðsbaráttu á Íslandi. Gögnin hafa verið flokkuð og þeim komið til Þjóðskjalasafnsins, þar sem þau verða aðgengileg fræðafólki. Ljósmyndum hefur verið komið til Ljósmyndasafns Reykjavíkur. Vonast Efling til að það auki rannsóknir og þekkingu á þeirri merkilegu sögu sem saga íslenskrar verkalýðshreyfingar er. Efling er stolt af því að hafa með þessum hætti lagt sitt af mörku- um í þeim efnum.

Þróun félagahóps Eflingar


Félagahópur Eflingar hefur tekið verulegum breytingum frá aldamótum. Kynjahlutfjöll, aldursdreifing og uppruni félagsmanna Eflingar hafa umturnast á síðustu áratugum.

Fjöldi félagsmanna eftir kyni



Eftirfarandi tölur sýna breytingar í félagahópi Eflingar á tímabilinu 2001 til 2023. Á þessu tímabili jókst fjöldi félagsmanna umtalsvert, eða um 148%. Félagsmenn Eflingar urðu 40.280 talsins og jafngiltu því um 17,8% vinnu-markaðar árið 2023. Félagið þróaðist á þessum árum frá því að vera með meirihluta kvenkyns félagsmanna yfir í að vera með hærri hlutfall karla. Hlutfall kynjanna breyttist úr 46,9% karlkyns og 53,1% kvenkyns árið 2001 yfir í 56,9% karlkyns og 43,1% kvenkyns árið 2023. Tvö tímabil sýna áberandi sveiflur í hlutfalli karlkyns félagsmanna: á árunum 2007–2009 og 2018–2020. Þessar sveiflur má tengja við ytri atburði, svo sem efnahagshrunið árið 2008 og áhrif COVID-19 faraldursins árið 2020. Vísbendingar gefa til kynna að aukning í fjölda erlendra karlmannna sem komu til landsins í leit að atvinnu hafi haft áhrif á tölfræðina. Hins vegar leiddi skortur á atvinnutækifærum í kjölfar kreppuástands, bæði við efnahagshrunið og COVID-19 faraldurinn, til þess að margir þessara einstaklinga fluttu annað í leit að vinnu eða sneru aftur til heimalanda sinna.

Aldursdreifing og uppruni Eflingarfélaga 2024



Athyglisverðar breytingar sjást einnig í aldurssamsetningu félagsmanna. Gögnin gefa til kynna að meðalaldur félagsfólks hafi hækkað. Þrátt fyrir það er aldurs hópurinn 20–29 ára enn fjölmennasti hópurinn, en hlutfall félagsmanna undir 20 ára lækkaði úr 27,0% árið 2001 niður í 15,9% árið 2023. Önnur aldursbil sýna breytingar, þar sem 1–5% aukning er greinileg í hverjum aldurshópi. Mest var aukningin í aldurshópnum 30–39 ára, sem er nú næstfjölmennasti hópur félagsins og telur 24,5% félagsmanna.

Starfsemi Fjármálasviðs

Starfsemi Fjármálasviðs Eflingar tók viðamiklum breytingum á árinu. Í upphafi árs 2024 tók sviðið í notkun nýtt bókhaldskerfi og félagakerfi eftir innleiðingarvinnu á fyrra ári. Það var því umfangsmeiri innleiðing hjá sviðinu en öðrum sviðum Eflingar. Starfsmenn sviðsins tókust á við breytingarnar af kostgæfni og strax á fyrstu mánuðum ársins var þekking og hagnýting nýrra kerfa orðin umtalsverð. Það átti síðar á árinu eftir að styðja við bætta þjónustu Eflingar við félagsfólk í útgreiðslu styrkja hraðar en áður hefur tíðkast.


Þessi verkefni bættust við verkefni fjármálasviðs, sem voru þó umtalsverð fyrir, en sviðið sér um greiðslu launa, styrkja, gerð mælaborða, uppgjör minni sjóða, greiðslu launa, styrkja og sjúkradagpeninga, reikninga, afstemmingu bókhalds og uppgjör til endurskoðanda. Starfsmenn sviðsins eru þrír í fullu starfi og einn í hlutastarfi. Starf sviðsins hefur gengið mjög vel og eru öll verkefni framkvæmd hratt og örugglega.

Móttaka skilagreina

Við innleiðingu Tótal félagakerfis færðist móttaka skilagreina og innheimta félagsgjalda til Eflingar frá lífeyris-sjóðnum Gildi. Það verkefni hófst 1. janúar 2024, ásamt því sem innheimta gjalda í sjúkra-, orlofs-, og fræðslu-sjóði færðist einnig frá Gildi til Eflingar.

Það var í mörg horn að líta varðandi undirbúning breytinganna en hann hófst á haustmánuðum ársins 2023. Fyrirtæki og einstaklingar sem senda skilagreinar til Eflingar eru hátt í 3.000 talsins, og fjárhæðirnar eru

Greiðsluhraði í dögum – fjöldi krafna





um 350 milljónir króna. Reynt var eftir fremsta megni að ná til þeirra með einum eða öðrum hætti. Má þar helst nefna auglýsingar á vefmiðlum og bréfasendingar. Sett var upp undirsíða á heimasíðu Eflingar með öllum helstu upplýsingum fyrir launagreiðendur og útbúin vefsíða þar sem hægt er að fylla út skilagreinar og senda beint til fjármálasviðs.


Skilagreinar streymdu inn þegar nýja árið gekk í garð. Nokkra mánuði tók að koma öllu í réttan farveg en í upphafi sumars var búið að leysa allflestar áskoranir vegna yfirfærslunnar.

Innheimta


Með yfirfærslu móttöku skilagreina til Eflingar færðust eldri vanskilakröfur einnig yfir til félagsins, til úrvinnslu hjá fjármálasviði, en þær höfðu áður verið í innheimtu hjá lögmanni Gildis lífeyrissjóðs. Þar sem innheimta vanskilakrafna er ekki hluti af kjarnastarfsemi Eflingar stéttarfélags var samið við Motus um löginheimtu krafanna.

Innheimta félagsgjalda er grunntekjustoð Eflingar og var tekin sú ákvörðun í upphafi árs að senda kröfur rafrænt til laungreiðenda til að tryggja yfirsýn og skilvirka

■ Mynd 1: Þróun vanskila



■ Mynd 2: Þróun alvarlegra vanskila



innheimtu. Af greiddum kröfum eru að jafnaði yfir 97% greiddar 30 dögum eftir eindaga og eru vanskil undir 5% sem er ánægjuefni.

Eins og sjá má á meðfylgjandi mynd hafa lengri tíma vanskil einnig minnkað umtalsvert frá fyrstu mánuðum ársins sem þakka má skilvirkum og áhrifaríkum innheimt-uferlum, góðu samstarfi við Motus og árvekni starfsfólks fjármálasviðs. Þar sem þetta er fyrsta árið sem Efling mót-tekur félagsgjöld er enn nokkuð óvíst hvort vanskil munu lækka enn frekar eða hvort þetta sé að jafnaði staðan hjá launagreiðendum sem skila til félagsins.

Á mynd 1 sést hvernig vanskil, þegar krafa fer fram yfir eindaga, hafa þróast á árinu 2024. Á mynd 2 má sjá sömu þróun varðandi alvarleg vanskil, þegar krafa er komin 45 daga fram yfir eindaga. Rétt er að geta þess að myndirnar sýna þó ekki alveg rétta mynd af stöðu vanskila, heldur eru þær 6 mánaða meðaltalstölur og þ.a.l. er hærra hlut-fall vanskila en rétt er fyrstu 6 mánuði ársins. Augljóst er að undir lok árs er ákveðið jafnvægi að nást og það sem við má búast áfram á árinu 2025.

Starfsemi Þjónustusviðs

Framlína skrifstofu Eflingar er Þjónustusviðið sem svarar almennum fyrirspurnum félagsfólks á starfs-stöð Eflingar, í síma eða með tölvupósti. Þjónustusviði sér einnig um afgreiðslu umsókna vegna sjúkradag-peninga, styrkja úr sjúkra-, orlofs- og fræðslusjóðum og afgreiðslu í vefverslun Eflingar sem er aðgengileg í gegnum Mínar síður.

Heimsóknir á skrifstofu

Heildarfjöldi heimsókna félagsfólks á skrifstofu Eflingar árið 2024 voru um 8.600 talsins, að meðaltali 35 heim-sóknir á dag. Ekki var marktækur munur á fjölda heim-sókna milli áranna 2023 og 2024. Einnig hefur samtala-fjöldi haldist stöðugur á milli ára.

Unnið hefur verið að því síðustu ár að bæta rafræna þjónustu til félagsmanna, með það að leiðarljósi að félagsmenn geti nálgast þjónustu Eflingar á þeim tíma og stað sem hentar þeim. Sú vinna virðist hafa skilað sér, mun fleiri erindi berast nú rafrænt með tölvupósti eða í gegnum Mínar síður en í eigin persónu eða síma.

■ **Snertingar við félagsfólk árið 2024**



Mínar síður


Árið 2023 var ákveðið að skipta um félagakerfi Eflingar ásamt Mínum síðum, og innleiða félagakerfið Tótal. Kerfið heldur utan um allar helstu upplýsingar um félagsfólk, t.d. iðgjaldasögu, sótta styrki, orlofsleigu auk annars.

Tótal var þróað af Afli starfsgreinafélagi og er sérstaklega hannað fyrir starfsemi stéttarfélaga. Kerfið hefur reynst vel eftir innleiðingu þess.

Mikil undirbúningsvinna fór fram seinni hluta árs 2023 til að tryggja að innleiðing á Tótal myndi ekki orsaka þjónusturof eða hafa önnur neikvæð áhrif á þjónustu við félagsfólk. Sú undirbúningsvinna skilaði tilætluðum árangri, engar truflanir voru á afgreiðslu styrkja eða útgreiðslu dagpeninga um áramótin 2023-2024 þegar skipt var um Mínar síður. Eftir að kerfið var tekið í notkun tók nokkra mánuði að aðlaga starfsemina að nýju kerfi og slípa til ferla. Afköst og úrvinnsluhraði í byrjun árs 2024 voru þannig svipuð og þau voru í gamla kerfinu. Þegar starfsfólk sviðsins var búið að byggja upp reynslu við vinnu með Tótal fór árangur að aukast og úrvinnslutími umsókna stýttist.

Úrvinnslutími umsókna hefur tekið miklum breytingum. Fyrir árið 2022, þegar stjórn Eflingar tók stefnu-markandi ákvörðun í mannauðsmálum, var úrvinnslutími umsókna um tíu dagar. Í lok árs 2023 var úrvinnslutími kominn í þrjá daga. Í lok árs 2024 var úrvinnslutíminn að meðaltali innan við einn dagur. Með tilkomu Tótal og verulega bættum úrvinnslutíma skapast tækifæri til þess að greiða út styrki mun tíðar en áður. Þjónustusvið ásamt stjórn Eflingar skoðar nú möguleika á tíðari útgreiðslum og ef allt gengur eftir má vænta þess að útgreiðslur styrkja verða vikulegar á vormánuðum 2025.

■ Meðalafgreiðslutími styrkumsókna



Sjúkrasjóður

Mikil aðsókn var í styrki og sjúkradagpeninga árið 2024. Árið 2024 fengu 1.371 félagsmenn greidda sjúkradagpeninga og nam heildarfjárhæð um 1.506 milljónum króna. Greiðslur lækkuðu um rúmt 1% á milli ára og fjöldi styrkþega dróst einnig saman, um rúmlega 1%. Hlutfall félagsmanna sem fékk greidda sjúkradagpeninga árið 2023 var 6,1%, en lækkaði í 5,0% árið 2024.

Á árinu voru 9.325 styrkir greiddir úr Sjúkrasjóði til um 5.700 félagsmanna. Heildarfjárhæð styrkja nam um 190 milljónum króna sem er um 7% lægri fjárhæð en árið 2023. Flestir styrkþegar voru á aldrinum 31-40 ára og nýttu fleiri konur en karlar sér styrki sjúkrasjóðs.

Vinsælustu styrkirnir voru heilsueflingarstyrkir og styrkir vegna sálfræðipjónustu, líkt og síðustu ár. Sjúkrasjóður Eflingar er samtals með 12 styrktegundir til þess að mæta fjölbreyttum þörfum félagsmanna.

Styrktegund	Fjárhæðir	Fjöldi
Sjúkradagpeningar	1.506.398.534	1371
Dánarbætur	19.152.345	84
Dvöl á heilsustofnun	450.000	8
Forvarnarstyrkur	8.196.066	552
Gleraugnakaup/linsur	35.213.660	1.501
Heilsuefling	64.356.319	4.024
Heyrnatækjakaup	2.413.700	27
Laseraðgerðir	4.331.359	52
Sálfræðipjónusta	43.323.224	1.784
Sjúkrabjálfun, sjúkranudd, kírópraktor	15.966.997	1.226
Annað	6.407.865	67
Samtals	1.706.210.069	10.696

Starfsmenntasjóðir

Árið 2024 voru greiddir 5.945 styrkir til 4.496 félagsmanna úr starfsmenntasjóðum Eflingar. Greiddar voru um 376 milljónir króna. Fjöldi styrkja og styrkþega var sambærilegur við árið 2023.

Meðalafgreiðslutími stýttist verulega á árinu 2024, undir lok árs var afgreiðslutími umsókna um 2 dagar. Árið 2023 var meðalafgreiðslutíminn um 5 dagar.

Styrktegund	Fjárhæðir	Fjöldi
Almenn ökuréttindi	34.263.155	577
Ferðastyrkir	27.302.033	264
Framhaldsskólanám	29.966.555	605
Háskólanám	98.582.829	1.522
Íslenska sem annað mál	69.104.748	1.409
Starfstengt nám	53.107.035	636
Tómstundanám	5.747.586	228
Undirbúningur fyrir ríkisborgararétt	215.000	5
Vinnuvélaréttindi	2.866.417	38
Önnur ökuréttindi	54.733.056	517
Annað	8.345.439	76

Bara tala

Efling hóf samstarf við Bara tala í desember 2024. Bara tala er stafræn íslenskukennsla, sem byggir á gervigreind og íslenskri máltækni. Um er að ræða smáforrit fyrir síma með hnitmiðuðum íslenskuæfingum fyrir notendur. Áhersla er lögð á talmál og þjálfun þeirra sem hafa ekki íslensku sem móðurmál. Einnig er sértæk kennsla bundin við störf þar sem notendur geta lært orð og frasa sem snúa sérstaklega að störfum þeirra ásamt því að geta nýtt sér íslensku í daglegu lífi.

Efling keypti 200 ársleyfi sem hefur verið dreift til félagsfólks því að kostnaðarlausu. Þetta er tilraunaverkefni til eins árs og verður árangur verkefnisins metinn jafnt og þétt. Vonin er sú að verkefnið gagnist félagsfólki af erlendum uppruna við íslenskunám.

Starfsemi Vinnuréttindasviðs

Vinnuréttindasvið sinnir þeirri grunnstarfsemi sem Efling stéttarfélag byggir á, sem er að gæta hagsmuna og sækja rétt félagsfólks. Réttindi og skyldur á vinnumarkaði byggja á lögum, reglugerðum og kjarasamningum og er það hlutverk sviðsins að gæta þess að þeim sé fylgt í ráðningarsamningum. Vinnuréttindasvið veitir félagsfólk ráðgjöf í samskiptum sínum við atvinnurekendur og liðsinnir því við að sækja þær kröfur sem það kann að eiga á hendur atvinnurekendum. Þá sinnir sviðið ýmsum öðrum verkefnum og stoðþjónustu við önnur svið skrifstofu Eflingar.

Málafjöldi

Á árinu 2024 voru skráð 721 nýtt mál á Vinnuréttindasviði, sem var veruleg fjölgun frá fyrra ári, þar sem skráð voru 457 ný mál. Fjölgun mála milli ára nam því um 60 prósentum. Sé horft lengra aftur þá hefur fjöldi mála sem koma inn á borð Vinnuréttindasviðs tæplega fjórfaldast frá árinu 2022, þegar sviðið skráði 190 ný mál. Á árinu 2024 voru kláruð 739 mál. Í lok árs 2024 var elsta málið sem var í vinnslu hjá Vinnuréttindasviði innan við árs gamalt.

Auk þeirra mála sem skráð voru með formlegum hætti og fóru til vinnslu veitti Vinnuréttarsvið ráðgjöf til 670 félagsmanna. Ráðgjöf felst í að fræða félagsmenn og veita upplýsingar án þess að taka við gögnum eða skoða gögn.

Í heildina á árinu 2024 aðstoðaði Vinnuréttarsvið samtals 1.334 félagsmenn með ýmsum hætti.

Málsmeðferðartími


Meðal málsmeðferðartími hjá Vinnuréttindasviði á árinu 2024 voru 119 dagar. Það er nokkuð meira en var á árinu 2023, þegar meðal málsmeðferðartíminn fór niður í 99 daga. Lenging á málsmeðferðartíma skýrist einkum af því að mun fleiri mál komu inn á borð sviðsins árið 2024 en árið 2023. Þá hefur áhrif að mál séu endurophuð en þá telst málsmeðferðartími frá þeim tíma þegar þau voru upphaflega stofnuð í kerfum Vinnuréttindasviðs.

Eðli mála

Í kerfum Vinnuréttindasviðs eru mál flokkuð eftir eðli þeirra. Stærstur hluti þeirra mála sem sviðið fékkst við árið 2024 var vegna launakrafna Eflingarfélaga á hendur atvinnurekendum. Alls voru þau mál 251 talsins sem nemur ríflega þriðjung allra mála. Þar á eftir komu mál er vörðugu gjaldprot fyrirtekja en sviðið aðstoðaði félaga í 83 slíkum málum á árinu. Það jafngildir ríflega 11% allra mála sem sviðið fékkst við. Það eru nokkuð færri gjaldprotamál en komu til kasta sviðsins árið 2023 þegar þau voru 159 talsins.

Þá fékkst Vinnuréttarsvið við 81 mál er vörðugu skilagreinar atvinnurekenda og voru það um 11% mála ársins. Þau mál voru ný á borði sviðsins en eins og greint er frá framar í ársskýrslunni hóf Efling móttöku skilagreina, með

Flokkun mála



beinum hætti, í fyrsta skipti á árinu. Rétt er að geta þess að þau mál telja ekki inn í fjölda Eflingarfélaga sem nutu aðstoðar sviðsins árið 2024, þar eð mál er varða skilagreinar snúa að atvinnurekendum.

Mál þar sem grunur lék á um að kjarasamningar hefðu verið brotnir eða önnur réttindabrot hefðu átt sér stað voru alls 71 eða tæp 10%. Mál vegna uppsagna, þar sem vafi lék á um lögmæti eða framkvæmd, voru 68 talsins, sem nam 9% allra málanna. Önnur mál sem sviðið fékkst við voru færri, en meðal þeirra voru aðstoð við félaga vegna vinnuslysa og veikinda.

Þau tilvik þar sem aðeins var veitt ráðgjöf en formlegt mál ekki stofnað voru einnig flokkuð eftir eðli á árinu. Þar voru fyrirferðamest svo nefnd önnur mál, sem voru af margþættu tagi. Alls veitti sviðið ráðgjöf í 130 öðrum málum, sem nemur fimmtungi allrar ráðgjafar ársins. Þar á eftir kom ráðgjöf vegna kjarasamnings- eða réttindabrota í 128 tilfellum og vegna launakrafna í 127 tilfellum. Önnur mál voru færri en fjölmörg þó.

Atvinnugreinar

Flest þeirra mála sem stofnuð voru á Vinnuréttindasviði á árinu voru vegna beiðna Eflingarfélaga sem starfa í hótél- eða veitingahúsageiranum. Alls voru 347 mál af því tagi tekin til meðferðar hjá sviðinu. Tæp 37% allra mála ársins komu frá þeim geira atvinnulífsins. Það er heldur hærra hlutfall en árið á undan, 2023, þegar þau námu þriðjung allra mála.

Þar á eftir komu mál tengd byggingariðnaði, sem voru 163 talsins. Það jafngildir um 17% allra mála, sem er á pari

við fyrra ár. Þá aðstoðaði Vinnuréttindasvið 66 félagsmenn sem störfuðu í matvælaíðnaði og 36 félaga sem störfuðu við ræstingar og þrif. Það jafngildir annars vegar um 7% mála, og hins vegar um 4% mála. Mál tengd öðrum atvinnugreinum voru færri en þó sum hver talin í tugum.

Mynstrið var hið sama þegar kom að ráðgjöf sviðsins. Flestir þeirra sem leituðu eftir ráðgjöf komu úr hótél og veitingahúsaageiranum, alls 197 Eflingarfélagar. Það jafngildir tæplega 30% allra þeirra sem nutu ráðgjafar sviðsins á árinu. Þeir sem störfuðu í byggingariðnaði voru 59 talsins, tæp 9%, og 39 Eflingarfélagar sem störfuðu í matvælaíðnaði fengu ráðgjöf, tæp 6% allrar ráðgjafar ársins.

Kynjaskipting

Fleiri karlar leituðu aðstoðar Vinnuréttindasviðs á árinu 2024 en konur. Alls aðstoðaði sviðið 557 karla við úrlausn mála þeirra á móti 375 konum. Það þýðir að um 60% þeirra sem nutu aðstoðar sviðsins voru karlar á móti 40% kvenna.

Sömuleiðis nutu fleiri karlar ráðgjafar Vinnuréttindasviðs en konur. Alls var 380 körlum veitt ráðgjöf en konurnar voru 288.

Ekki var stofnað til formlegs máls fyrir neinn kynsegin einstakling á árinu en einn kynsegin einstaklingur naut ráðgjafar sviðsins.




Uppruni

Á árinu 2024 aðstoðaði Vinnuréttindasvið Eflingarfélaga með að minnsta kosti 84 mismunandi ríkisföng. Rétt er að geta þess að í einhverjum tilvikum var ríkisfang ekki skráð og geta verið aðskiljanlegar ástæður þar að baki. Þá standa félagsmenn ekki að baki málum er varða skilagreinar.

Eflingarfélagar með erlent ríkisfang voru í meirihluta þeirra sem nutu aðstoðar Vinnuréttindasviðs á árinu. Flestir þeirra sem nutu aðstoðar sviðsins voru með pólskt ríkisfang, eða 347 félagsmenn, þegar formleg mál

Uppruni félagsfólks



og ráðgjöf eru tekin saman. Það jafngildir fjórðungi allra þeirra sem nutu aðstoðar sviðsins. Næst fjölmennasti hópurinn var með íslenskt ríkisfang, alls 220 félagsmenn, eða tæp 17%. Sviðið aðstoðaði þá 84 Eflingarfélaga með litháískt ríkisfang, 76 félagsmenn með úkraínskt ríkisfang, 53 félaga með venesúelskt ríkisfang og einnig 53 Eflingarfélaga með rúmenskt ríkisfang.

Nýjar reiknivélar

Vinnuréttindasvið hóf á síðasta ári vinnu við innleiðingu nýrra reiknivéla, í samstarfi við Fjármálasvið Eflingar og Starfsgreinasamband Íslands. Þær reiknivélar, sem taka á í notkun árið 2025, munu gera félagsmönnum kleift að reikna út launakröfur sínar á eigin spýtur og auðvelda félagsmönnum að finna réttar upphæðir orlofsgreiðsla, auk annars.

Formsetning innsendra erinda

Í haustbyrjun 2024 hófst vinna við formsetningu innsendra erinda, verkefni sem er ætlað að einfalda og straumlínulaga hvernig félagsfólk getur sent til Eflingar fyrirsurnir og erindi með færri snertingum. Vonir standa til að með þessu verði hægt að afgreiða erindi á fljótlegri og einfaldari hátt, jafnvel strax í fyrstu snertingu með fræðslu og ráðleggingum. Þá er verkefninu ætlað að gera auðveldara og skiljanlegra fyrir félagsfólk að skila inn gögnum.

Verkefnið er eins og stendur í mótun. Grunnbygging hefur verið útbúin og nánari útfærsla í vinnslu áður en hún verður send áfram í forritun og prófanir.

Mál í löginheimtu

Atlas Innheimta sinni 228 málum fyrir Vinnuréttindasvið á árinu 2024. Þar af voru 161 mál kláruð. Flest mál sem fóru til Atlas voru launakröfur og gjaldþrotamál. Launakröfur sem fóru í innheimtu voru 149 mál. Uppgerð mál voru 26, það er þau mál þar sem sáttum var náð og greiðsla fengin. Í árslok voru 58 mál enn í innheimtu og 65 mál voru niðurfelld, en það eru þau mál sem byrja sem launakrafa og enda sem gjaldþrotakrafa. Heildarupphæð launakrafna árið 2024 voru um 113 milljónir króna.

Trúnaðarmannanámskeið

Vinnuréttindasvið tók að sér að vera með fræðslu á námskeiðum fyrir trúnaðarmenn á árinu. Fjallað var um helstu réttindi á vinnumarkaði, veikindarétt, vinnuslys, gjaldþrot, uppsagnir, orlof, vinnutilhögun og hvernig maður tryggir rétt sinn. Markmiðið var að veita trúnaðarmönnum hagnýta og skýra innsýn í þau réttindi og þær skyldur sem gilda á vinnumarkaði, sem og að veita þeim verkfæri til að takast á við áskoranir sem kunna að koma upp í starfi þeirra. Nánar er fjallað um trúnaðarmannanámskeið í umfjöllun um Fræðslu- og félagsmál í ársskýrslunni.

Vinnustaðaeftirlit

Vinnustaðaeftirlit Eflingar og Fagfélaganna fór í 558 heimsóknir á vinnustaði á árinu. Tilgangurinn með

slíkum eftirlitsheimsóknum er að ganga úr skugga um að atvinnurekendur fylgi kjarasamningnum, lögum og reglugerðum. Starfsfólk vinnustaðaeftirlitsins ræðir við verkafólk á hverjum vinnustað, spyr það um aðbúnað og starfið, fræðir það um réttindi þess á vinnumarkaði og starfsemi stéttarféлага.

Sé horft til þjóðernis þess verkafólks sem vinnustaðaeftirlitið hitti fyrir í heimsóknum sínum voru flestir með íslenskt ríkisfang. Næst algengasta ríkisfangið var pólskt og síðan rúmenskt. Langflestir þeirra sem vinnustaðaeftirlitið hafði tal af voru á aldrinum 26-35 ára. Algengustu starfstitlar Eflingarféлага sem vinnustaðaeftirlitið ræddi við voru byggingarverkamenn, almennir verkamenn, þjónar, hótelpjónur, aðstoðarfolk í eldhúsi og ræstingarfolk.

Starfsemi Orlofssviðs

Um mitt ár 2024 tók Björgólfur Th. Stefánsson við sem nýr sviðsstjóri Orlofssviðs af Sveini Ingvasyni. Sveinn hefur þó ekki látið að störfum fyrir félagið enn sem komið er heldur mun hann starfa áfram í um sinn í sérverkefnum tengdum orlofsmálum. Sveinn hefur síðastliðinn aldarfjórðung sinnt uppbyggingu orlofshúsa Eflingar og unnið þrekvirki í þeim efnum. Kann Efling Sveini miklar þakkir fyrir störf hans í þágu félagsins.

Kaup og bygging orlofshúsa

Mikil umsvif hafa verið hjá Orlofssviði við byggingu nýrra orlofshúsa en í desember 2024 voru afhent tvö af fjórum húsum sem eru í byggingu í Svignaskarði. Áætlað er að seinni tvö húsin verði afhent í mars 2025. Þar með lýkur uppbyggingu við orlofsbyggðina í Svignaskarði sem þá státar af 46 húsum. Þar af eru 21 hús í eigu Eflingar.

Í Stykkishólmi er verið að leggja lokahönd á byggingu parhúss við Aðalgötu 16. Þar hefur Efling í samstarfi við trésmiðjuna Þ.B. Borg í Stykkishólmi látið hanna og reisa viðamikið timburhús í stíl við einkennandi byggingarlist bæjarins. Áætlað er að Efling fái húsið afhent í byrjun sumars 2025 og verði það tilbúið til útleigu um mitt sumar.

Í lok árs 2024 festi Orlofssvið kaup á tveimur orlofsíbúðum við Eyrarflöt á Siglufirði. Íbúðirnar, sem eru enn í byggingu, eru hluti af fjögurra íbúða raðhúsi sem eru sérstaklega hannaðar sem orlofsíbúðir. Áætlaður afhendingartími er með hausti 2025 og verða íbúðirnar því tilbúnar til útleigu þegar skíðavertíðin á Siglufirði hefst.

Eignir Orlofssviðs hafa vaxið mikið á seinustu árum enda hefur stefna Eflingar verið að fjölga og auka úrval af orlofshúsum á landsvísu fyrir félagsfólk. Þessi mikli vöxtur í kaupum og byggingu á húsum hefur gert að verkum að Orlofssjóður Eflingar á nú 79 orlofshús sem flest eru í leigu allan ársins hring. Þar að auki leigir félagið orlofshús víðs vegar um landið til að mæta eftirspurn félagsmanna um fjölbreytilega staðsetningu. Samtals rekur Efling 83 orlofshús.





Markmið og stefna

Markmið Orlofssviðs er að bjóða félagsfólki upp á fjölbreytta orlofskosti, hvort sem það er í formi leigu á orlofshúsum, sölu á veiðikortum, útilegukortum, flugávisunum eða öðrum kostum, og heldur sviðið áfram að vinna að því að auka og bæta þjónustu við félagsmenn.

Vegurinn framundan

Stærstu verkefni ársins 2025 verða án efa fyrirhugaðar framkvæmdir í Ölfusborgum en þar hefur verið ákveðið að skipta um vatns- og raflagnir í allri byggðinni. Í Svignaskarði er framundan stór framkvæmd í endurnýjun á vegum og í Hvammi í Skorradal þarf að endurnýja vatnslagnir.

Í stað vaxtartímabils þar sem áhersla hefur verið á að kaupa og byggja orlofshús hefur nú tekið við viðhaldsog endurbótatímabil sem felur í sér að huga að viðhaldi, endurbótum og útliti. Mikilvægt er að leggja áherslu á innbú, útlit og upplifun gesta og með því að huga að þessum þáttum er hægt að tryggja að gestir upplifi sig velkomna og njóti dvalarinnar til fulls í orlofshúsum Eflingar.

Upplýsinga- og kynningarmál

Freyr Rögnvaldsson var ráðinn til starfa sem upplýsingafulltrúi Eflingar í maí 2024. Freyr hafði áður, frá upphafi ársins, liðsinnt forystu Eflingar varðandi upplýsingamiðlun. Tveir starfsmenn sinna nú upplýsinga- og kynningarmálum Eflingar.

Umfjöllun í fjölmiðlum

Um 1.100 fréttir voru sagðar af málefnum Eflingar í aðskildum fjölmiðlum á árinu 2024. Flestar fréttir voru sagðar í mars mánuði, í tengslum við gerð Stöðugleiksamninganna, um 220 talsins.

Umfjöllun um Eflingu í fjölmiðlum var nokkru minni á árinu en verið hafði árið 2023. Skýrist það einkum af mjög mikilli fjölmiðlaumfjöllun fyrstu mánuði þess árs, en eins og þekkt er stóð Efling í óvenju hörðum kjara-deilum þá. Ef frá eru skildir fyrstu mánuðir ársins má segja að umfjöllun um félagið í fjölmiðlum hafi verið á pari við fyrri ár og raunar aukist nokkuð seinni hluta árs. Tæplega tvær af hverjum þremur fréttum af málefnum Eflingar voru birtar á netfréttamiðlum. Aðrar fréttir skiptust nokkuð jafnt milli ljósvakamiðla, prentmiðla og sérvefja.

Almennt má segja að vel hafi gengið koma málstað Eflingar í aðskildum málum á framfæri í fjölmiðlum. Þá er það mat upplýsingafulltrúa að fréttaflutningur af málefnum Eflingar hafi verið fremur jákvæður fyrir félagið. Því til stuðnings má nefna að samkvæmt vörumerkjakönnun Gallup hefur jákvæðni í garð Eflingar aukist verulega milli ára.

Stærstu fréttamál ársins tengdust kjaraviðræðum, aðgerðum Eflingar vegna launabjófnaðar á veitingahúsinu Ítalíu og aðgerðum vegna samnings gervistéttarfélagsins Virðingar við SVEIT. Þá má nefna að viðburðurinn Matur og menning hlaut góða fjölmiðlaumfjöllun.

Vefsíða Eflingar

Á árinu 2024 voru birtar um 220 fréttir á vef Eflingar. Það eru að meðaltali um fjórar fréttir í hverri viku. Allar fréttir voru birtar á íslensku og ensku, og um helmingur einnig á pólsku.

Fyrirferðamestar voru fréttir af aðgerðum Eflingar, kjarasamningaviðræðum og öðrum félagslegum aðgerðum en einnig af rekstri skrifstofunnar og þjónustu við félagsfólk. Þá voru birtar greinar og greiningar af málefnum sem snerta Eflingarfélaga beint. Þá er ótalin fjöldinn allur af tilkynningum sem birtar voru til að miðla upplýsingum til Eflingarfélaga.

Alla jafna var Eflingarfélögum þá sent fréttabréf mánaðarlega þar sem helstu fréttir voru tíundaðar.

Samfélagsmiðlar

Öllum fréttum á vef Eflingar var deilt á Facebook-síðu félagsins, jafnan á íslensku og ensku, og í einhverjum tilvikum einnig á pólsku. Þá var Facebook-síðan einnig nýtt til að koma á framfæri tilfallandi upplýsingum eða birta efni sem ekki þótti ástæða til að skrifa fréttir um.

Um 7.300 manns fylgja Eflingu á Facebook og fjölgaði þeim á árinu. Samkvæmt gögnum Facebook hefur „drægni“ Facebook-síðu Eflingar aukist jafnt og þétt.

Til skoðunar er að kanna möguleika á virkni félagsins á öðrum samfélagsmiðlum.

Ný vefsíða

Á árinu var tekin ákvörðun um að ráðast í smíði nýrrar vefsíðu Eflingar, sem betur myndi þjóna bæði félagsfólki



og starfsfólki. Samið var við fyrirtækið Klick ehf um smíði síðunnar og hófst sú vinna á síðari hluta ársins. Vinna við nýja vefsíðu stendur yfir og mun verða umfangsmesta verkefni útgáfu- og kynningarteymis Eflingar á árinu 2024.

Glæsilegar niðurstöður kannanna

Skrifstofa Eflingar stéttarfélags var meðal þeirra vinnustaða sem tóku þátt í vinnustaðakönnuninni Fyrirtæki ársins 2024, sem Gallup framkvæmir árlega. Skemmst er frá því að segja að einkunn Eflingar hækkaði frá fyrra ári í því sem næst öllum þeim þáttum sem mældir eru í könnuninni. Heildareinkunn Eflingar sem vinnustaðar hækkaði þannig markvert milli ára og er heildareinkunn vinnustaðarins hærri en meðaleinkunn annarra sambærilegra vinnustaða.

Þá hlaut skrifstofa Eflingar viðurkenningu HR Monitor fyrir að vera mannauðshugsandi vinnustaður árið 2024. Þekking á vörumerkinu Eflingu var könnuð af Gallup árið 2024, annað árið í röð. Niðurstaða könnunarinnar er sú að þekking á vörumerkinu Eflingu jókst markvert milli áranna. Sömuleiðis jókst jákvæðni í viðhorfum fólks gagnvart Eflingu verulega milli ára. Þeim sem voru jákvæðir í garð Eflingar fjölgaði um 11 prósentustig en þeim sem neikvæðir voru fækkaði um 9 prósentustig milli ára.

Fræðsla- og félagsmál

Á skrifstofu Eflingar er rekið svið fræðsla- og félagsmála sem hefur með höndum skipulagningu og utan-umhald er varðar félagslegt starf og fræðslumál. Þar starfar einn sviðsstjóri og fjórir starfsmenn í fullu starfi. Þar af voru tveir nýir starfsmenn ráðnir haustið 2024.

Fræðsla og námskeiðahald

Að venju stóð Efling fyrir öflugri fræðslustarfi og námskeiðahaldi á starfsárinu 2024-2025.

Fagnámskeið

Stór hluti fræðsludagskrár Eflingar eru fagnámskeið sem nýtast félagsfólki í ýmsum atvinnugreinum. Þessi námskeið eru flest hver greidd að fullu af starfsmennta-sjóðum Eflingar og eru því félagsfólki að kostnaðarlausu. Sum námskeiðanna eru hluti af viðameiri námsbrautum sem leiða til viðurkenningar með breyttu starfsheiti og bættem launakjörum. Samtals skráðu sig 140 Eflingarfélagar á hin ýmsu fagnámskeið.

Fagnámskeið umönnun 1	Vor 2024
Fagnámskeið umönnun 2	Vor 2024
Fagnámskeið eldhús 2	Vor 2024
Fagnámskeið eldhús 3	Vor 2024
Leikskólaliðabré	Vor 2024
Fagnámskeið leikskóla 1	Vor 2024
Fagnámskeið leikskóla 2	Vor 2024
Félagssliðagátt	Haust 2024
Fagnámskeið umönnun 1	Haust 2024
Fagnámskeið umönnun 2	Haust 2024
Fagnámskeið eldhús 1	Haust 2024

Réttindanámskeið

Á fræðsludagskrá Eflingar eru námskeið um ýmis réttindatengd málefni sem hafa notið vinsælda hjá Eflingarfélögum í áraraðir. Má þar nefna réttindanámskeið sem fjallar um almenn réttindi og skyldur á vinnumarkaði, en það er kennt á íslensku með enskri túlkun og á pólsku. Starfslokanámskeiðið og sérstök námskeið um lífeyrisréttindi eru iðulega þau mest sóttu á fræðsludagskrá félagsins, og voru að þessu sinni yfir 200 Eflingarfélagar skráðir á þessi námskeið. Einnig var boðið upp á námskeið um skattkerfið á Íslandi á ensku og pólsku. Samtals skráðu 459 Eflingarfélagar á réttindanámskeið á árinu 2024.

Réttindi og skyldur á vinnumarkaði (íslenska/enska)	Vor 2024
Réttindi og skyldur á vinnumarkaði (pólska)	Vor 2024
Skattkerfið á Íslandi (enska)	Vor 2024
Skattkerfið á Íslandi (pólska)	Vor 2024
Starfslokanámskeið (íslenska)	Vor 2024
Starfslokanámskeið (enska)	Vor 2024
Starfslokanámskeið (pólska)	Vor 2024
Starfslokanámskeið (íslenska)	Haust 2024
Lífeyrisréttindi (íslenska)	Haust 2024
Lífeyrisréttindi (enska)	Haust 2024
Lífeyrisréttindi (pólska)	Haust 2024

1. maí kaffi

Haldið var 1. maí kaffi 2024 í Kolaportinu að lokinni kröfugöngu þar sem félagsfólki var boðið upp á kaffi-veitingar, pylsur, hamburgara og ís. Lúðrasveit verkalýðsins tók lagið, blöðrulistamaður bjó til blöðrudýr fyrir börnin og andlitsmálun var einnig í boði. Þá mætti sirkus með alls kyns atriði. Mikil ánægja var með viðburðinn, sem í fyrsta sinn var haldinn á þessum stað og með veglegra sniði en verið hefur undanfarin ár.

Eldri borgara kaffi

Sunnudaginn 26. maí 2024 var haldið kaffiboð fyrir Eflingarfélaga 70 ára og eldri og gesti þeirra, í Gullhömrum í Grafarholti. Efling stéttarfélag bauð gestum upp á kaffi og meðlæti og hljómsveit hússins lék fyrir dansi. Eins og ávallt ríkti mikil gleði meðal gesta.

Matur og menning

Sunnudaginn 29. september var skemmtiviðburðurinn Matur og menning haldinn í annað sinn. Þar bauðst félagsfólki að koma með heimatilbúinn mat frá sínu heimalandi og bjóða öðru félagsfólki að smakka. Óhætt er að segja að viðburðurinn hafi slegið í gegn annað árið í röð. Boðið var upp á mat frá 15 mismunandi þjóðlöndum og aðsókn var mjög góð.

Bíósýning

Efling efndi til bíósýningar á hinni frábæru mynd Sorry We Missed You eftir Ken Loach í bíó Paradís þann 19. nóvember 2024. Mæting var góð og er stefnt að því að halda fleiri bíósýningar á komandi ári.

Jólahlaðborð virks félagsfólks

Jólahlaðborð var haldið þann 12. desember 2024 á Hótel Nordica fyrir þann stækkandi hóp Eflingarfélaga sem er virkur í ýmsum hlutverkum og trúnaðarstörfum innan félagsins. Haldið var bingó með veglegum vinningum og boðið upp á hátíðarmat. Virkt félagsfólk gat boðið með sér á hlaðborðið einum Eflingarfélaga að eigin vali, og buðu margir vinnufélaga. Tilgangurinn með þessu var að kynna innra starf félagsins fyrir fleiri Eflingarfélögum, með það fyrir augum að fjölga þeim sem taka að sér virkt hlutverk í félaginu.

Jólaball

Árlegt jólaball Eflingar fór fram laugardaginn 14. desember 2024 í sal í Gullhömrum í Grafarholti. Fullt var út úr dyrum en 450 manns á öllum aldri komu og áttu góða stund saman. Jólasveinar komu í heimsókn, hljómsveit hússins sá um dans og söng í kringum jólatréð og boðið var upp á veitingar og sætindi.

Trúnaðarmannakerfið

Samtals voru 83 trúnaðarmenn skipaðir árið 2024 ýmist skipaðir í fyrsta sinn eða voru kosnir aftur af vinnufélögum sínum til áframhaldandi setu.

Nýir trúnaðarmenn komu úr mörgum geirum vinnumarkaðarins á félagssvæði Eflingar. Farið var í sérstök átök í veitingageiranum, á hjúkrunarheimilum





og í iðnaði. Mikil vinna var sett í þessi átaksverkefni sem skiluðu mörgum nýjum trúnaðarmönnum, og fóru virkir Eflingarfélagar í heimsóknir á fjölmarga vinnustaði.

Í kjaraviðræðum við Samtök atvinnulífsins sem lauk vorið 2024 náðist markverður árangur í að styrkja réttindi trúnaðarmanna. Samkvæmt nýja samningnum sem tók gildi 1. febrúar 2024 er nú réttur til að kjósa þrjá trúnaðarmenn í stað tveggja á vinnustöðum með 120 eða fleiri starfsmenn. Réttur til námskeiðssetu er styrktur, nánar tiltekið þannig að ekki aðeins dagvinnulaun eru varin gegn launatapi heldur einnig vaktalög, sem skiptir miklu fyrir t.d. trúnaðarmann sem þarf að sleppa heilli næturvakt vegna námskeiðs. Þá er réttur til námskeiðssetu ekki lengur misjafn eftir fyrra og seinna skipunarári, heldur 10 virkir dagar á ári allan skipunartímann.

Í kjaraviðræðum við Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu náðist einnig árangur í að styrkja réttindi trúnaðarmanna. Samkvæmt nýja samningnum sem tók gildi 1. apríl 2024 er nú réttur til að kjósa fleiri trúnaðarmenn á fjölmönnum hjúkrunarheimilum með fleiri en 100 Eflingarfélag. Samkvæmt samningnum má kjósa þrjá þar sem starfa 101-175, fjóra þar sem starfa 176-275 og fimm þar sem starfa 276 eða fleiri.

Trúnaðarmannanámskeið

Félagið kenndi trúnaðarmannanámskeið þriðja árið í röð veturinn 2024-2025. Allir trúnaðarmenn eru boðaðir á námskeið í félagsheimili Eflingar í Guðrúnartúni einu sinni í mánuði yfir veturinn. Hópnum var skipt upp eftir því hvort trúnaðarmenn starfa á almenna eða opinbera vinnumarkaðnum enda eru kjarasamningarnir ólíkir. Það er nýjung á þessu starfsári að skipta hópnum upp þannig á öllum námskeiðunum, en ein ástæða þess að þetta var gert er fjölgun trúnaðarmanna.

Á námskeiðunum var fjallað um undirstöðuatriði varðandi kjarasamninga, eins og að skilja launatöflur og að lesa launaseðla en líka um önnur hagnýt verkefni trúnaðarmanna eins og vinnustaðafundi og félagsstarf almennt. Kennslan var bæði í formi fyrirlestra og hópverkefna og alltaf nægur tími fyrir umræður. Námskeið námskeiðanna var þýtt á ensku og íslensku, og lesefni og glærur gerðar aðgengilegar á vef námskeiðanna ýmist á undan eða á eftir hverju námskeiði. Á öllum nám-

skeiðum var textatúlkun á skjá milli íslensku og ensku. Góð aðsókn var á námskeiðin í hvert einasta skipti.

Að loknu hverju námskeiði var kallað eftir viðbrögðum þátttakenda í nafnlausri könnun og leitast var við að laga skipulag námskeiðanna að þeim ábendingum.

Í framhaldi af sérstakri fræðslu og þjálfun um vinnustaðafundi skipulögðu trúnaðarmenn Eflingar slíka fundi á sínum vinnustöðum úti um allan bæ. Þessi þjálfun á trúnaðarmannanámskeiðum hófst haustið 2024, en þá óskaði félagið þess sérstaklega við trúnaðarmenn að þeir nýti heimildir kjarasamninga til að halda vinnustaðafundi. Efling bauðst til að greiða fyrir köku með merki félagsins fyrir þessa fundi og vöktu kökurnar mikla lukku. Fundirnir heppnuðust almennt mjög vel og urðu til þess að bæta starfsandann á mörgum vinnustöðum. Félaginu telst til að það hafi verið haldnir vel á þriðja tug vinnustaðafunda á árinu 2024 sem er glæsilegur árangur.

Félagslegt starf

Störf stjórnar

Stjórn Eflingar stéttarfélags lætur sig allt starf félagsins varða og heldur út mjög virkri starfsemi. Stjórnarfundir voru að jafnaði haldnir tvisvar í mánuði, á fimmtudögum, nema yfir sumartímann. Alls fundaði stjórn 23 sinnum á árinu. Umfjöllunarefni stjórnarfunda varða allt pólitískt og félagslegt starf Eflingar, stöðu í samskiptum og viðræðum við viðsemjendur félagsins, stöðu Eflingar innan verkálýðshreyfingarinnar, samstarf við erlend systurfélög, rekstur skrifstofu Eflingar, stöðu sjóða og fjárfestingar félagsins, framkvæmdir á skrifstofu Eflingar, og svo mætti áfram telja.

Árið 2024 fékk stjórn með reglulegu millibili heimsóknir frá framkvæmdastjóra og sviðstjórum Eflingar þar sem rædd voru fjölmörg umbótaverkefni og breytingar á starfi skrifstofunnar. Stjórn ræddi breytingar á vinnuáðstöðu skrifstofunnar, kostnað við þær og framgang verkefna. Einnig fékk stjórn upplýsingar um innleiðingu nýrra tölvukerfa, líkt og félagakerfisins Total. Stjórn fylgdist með og studdi átak sviðs fræðslu og félagsmála um fjölgun trúnaðarmanna Eflingar á fjölmörgum vinnustöðum félagsfólks. Einnig fékk stjórn fregnir af störfum fjármála,

vinnuréttinda, þjónustu og orlofssviðs en þar er unnið mikið og gott starf í þjónustu við gríðarlega fjölmennan hóp Eflingarfélaga.

Umfjöllun og stefnumótun í félagspólitískum málefnum eru helstu verkefni stjórnar Eflingar. Kjarasamningsviðræður á almenna markaðnum voru leiddar til lykta í mars 2024. Þá tóku við viðræður við opinbera launagreiðendur og tók stjórn mikinn þátt í undirbúningi, sem og viðræðum við ýmsa viðsemjendur. Í stjórn situr fjölbreyttur hópur fólks sem að starfar bæði á almennum og opinberum vinnumarkaði og býr yfir gríðarlega mikilli reynslu sem að nýtist vel í öllum þeim mörgu kjarasamningsviðræðum sem að félagið á í sem og öðru starfi.

Styrkjanefnd stjórnar Eflingar

Styrkjanefnd Eflingar er undirnefnd stjórnar Eflingar. Tilgangur nefndarinnar er að móttaka og afgreiða styrkbeiðnir sem Eflingu stéttarfélagi berast sem heyra beint undir Félagssjóð. Nefndin fundaði þrisvar sinnum á starfsárinu.

Samtals bárust 13 styrkumsóknir til Eflingar á starfstímabili nefndarinnar. Ákveðið var að styrkja 11 aðila, samtals um 3.265.000 kr. Að auki styrkti Efling 20 aðila með kaupum á styrktarlínu og lógó, samtals 388.200 kr.

Starf nefndarinnar var farsælt og jók skilvirkni funda stjórnar Eflingar og því heldur sama fyrirkomulag áfram árið 2025.

Veittir styrkir

Umsóknaraðili	Upphæð veitt
Afstaða	660.000 kr
Betri borgarar Fylkis	100.000 kr
Einstök börn	250.000 kr
Félag Heyrnarlausra	105.000 kr
Geðhjálp	200.000 kr
Hjálparstarf kirkjunnar	700.000 kr
Knattspyrnufélagið Ægir	100.000 kr
Kvennakórinn Rósir	100.000 kr
Mæðrastykrsnefnd Reykjavíkur	700.000 kr
Mæður gegn morðum	350.000 kr
Samstals	3.265.000 kr

Alþjóðastarf

Efling varð á árinu 2024 fullgildur meðlimur í norrænu bandalagi stéttarfélaga í þjónustugeiranum sem nefnist SUN, eða Service- och tjänstebranschens Union i Norden. Efling á aðild að undirhópum SUN á sviði ræstinga og öryggisgæslu.

Í byrjun september 2024 sóttu tveir starfsmenn skrifstofu Eflingar, Viðar Þorsteinsson og Atli Antons-son, samnorrænt námskeið öryggisvarðadeildar SUN sem haldið var í Helsingör í Danmörku. Í október fundaði stjórn SUN í Reykjavík, og var það heiður fyrir Eflingu að geta hýst fundinn í höfuðstöðvum félagsins í Guðrúnartúni 1.

Í desember var stjórnarfundur ræstingahóps SUN haldinn í Osló, og sótti Viðar Þorsteinsson hann fyrir hönd Eflingar. Þar var grunnur lagður að heimsókn fulltrúa Eflingar og Starfsgreinasambandsins til Kaupmannahafnar í mars 2025, þar sem til stendur að kynnst betur framkvæmd uppmælinga í ræstingum í Danmörku og hvernig framkvæmd kjarasamningsákvæða um tímamælda ákvæðisvinnu er háttað þar í landi.

Trúnaðarráð

Trúnaðarráð Eflingar, sem er æðsta vald í málefnum félagsins milli aðalfunda og skipað 130 félagsmönnum, starfaði með hefðbundnum hætti. Lög félagsins kveða á um að haldnir skuli félagsfundir með vissu millibili, og hefur á liðnum árum verið farin sú leið að sameina félagsfundi trúnaðarráðsfundum. Hefur sú aðferð gefist vel.

Á septemberfundi ráðsins ályktaði félagið gegn launabjórnaði á veitingastaðnum Ítaliu og tók þátt í samstöðuaðgerð fyrir utan veitingastaðinn ásamt fleiri félagsmönnum.

Fundur trúnaðarráðs í október var jafnframt félagsfundur. Þar voru aðal- og varamenn í uppstillingarnefnd kosnir og listi þingfulltrúa Eflingar á þing ASÍ borinn upp til samþykktar. Desember-fundurinn var síðasti fundur þess trúnaðarráðs sem þá sat, en nýtt ráð tók við í janúar. Listi nýs trúnaðarráðs var kynntur á fundinum, en hann var um leið jólahlaðborð virkra félagsmanna.

Kjaraviðræður og störf samninganefnda

Aðalkjarasamningur Eflingar við Samtök atvinnulífsins, sem er sá samningur sem nær til flestra Eflingarfélaga, var undirritaður 7. mars 2024. Í kjölfar undirritunar fór í hönd vinna við kjarasamningsgerð á opinbera vinnumarkaðinum og vegna ýmiss sérkjarasamninga á vinnustöðum félagsins sem félagið annast um. Nánar er fjallað um kjarasamninginn í umfjöllun um stöðugleika- og velferðarsamning.

Sé horft til félagsmannafjölda eru samningarnir við Reykjavíkurborg og Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) veigamestir. Kjaraviðræður við borgina hófust strax að lokinni undirritun við SA, var vísað til ríkissáttasemjara og loks var samningur undirritaður þann 20. júní 2024. Samningurinn var samþykktur í atkvæðagreiðslu í júlí. Líkt og á síðustu árum tók stór og öflug samninganefnd Eflingarfélaga þátt í viðræðum við borgina.

Viðræðum við SFV var vísað til ríkissáttasemjara í lok ágúst 2024 og var fundað stíft í deilunni allan september áður en undirritun hafðist þann 3. október. Í viðræðunum var mikið tekist á um stöðu mönnunar á hjúkrunarheimilunum, enda var álag og undirmönnun helsta áhyggjuefni Eflingarfélaga. Félagar í samninganefnd funduðu itrekað og sýndu mikla staðfestu. Í samningnum náðust m.a. verulega útvíkkaðar heimildir til skipunar trúnaðarmanna á hjúkrunarheimilum. Í



kjölfar undirritunar var skipaður starfshópur á vegum heilbrigðisráðherra sem leggja átti fram tillögur um úrbætur í mönnun, og sat fulltrúi Eflingar í hópnum. Í samningnum var heimild til uppsagnar samningsins ef ekki næðist árangur í þeirri vinnu. Því miður neyddist Eflingar til að lýsa yfir uppsögn samningsins í febrúar 2025 þegar starfshópurinn skilaði einungis minnisblaði í stað útfærðrar áætlunar.

Stöðugleika- og velferðarsamningurinn 2024

Þann 7. mars var undirritaður nýr kjarasamningur svokallaðrar Breiðfylkingar launþega og samtaka atvinnurekenda á almennum markaði. Breiðfylkingin samanstóð af Eflingu, Starfsgreinasambandinu (SGS) og Samiðn. Samningurinn er til fjögurra ára og er kallaður „Stöðugleika- og velferðarsamningurinn 2024“. Hann einkennist af hóflegum launahækkunum samhliða verulega auknum tilfærslum frá velferðarkerfinu. Sú aukning nemur samkvæmt loforði stjórnvalda um 20 milljarða viðbót velferðarútgjalda á ári, eða alls um 80 milljörðum á samningstímanum. Markmið samningsins er að ná niður verðbólgu og vöxtum samhliða kjarabótum með þessum auknu skattfrjálsu tilfærslum frá velferðarkerfinu, sem gagnast mest lægri tekjuhópum.

Í samningnum var samið um blandaða leið kauphækkana, með meiri hlutfallshækkun til þeirra sem eru á töxtum. Það var útfært með flatrí krónutöluhækkun á taxa sem nemur 23.750 króna flatrí hækkun á ári. Fyrir taxtafólk Eflingar nemur sú hækkun um 5,9% á fyrsta ári, 5,6% á öðru ári, 5,3% á þriðja ári og um 5% á fjórða ári. Prósentuhækkarnir eru lækkandi yfir tíma vegna þess að grunnurinn hækkar á hverju ári, þ.e. hver árhækkun um 23.750 kr. leggst ofan á hærri grunn á hverju ári frá og með ári 2.

Þessu til viðbótar var samið um tryggingu um að launaskrið hærri hópa skili sér til taxtafólks með svokölluðum kauptaxtaauka. Á fyrri hluta ársins 2025 er orðið ljóst að nokkurt launaskrið hefur orðið hjá hærri launahópum, sem endurspeglast í meiri hækkun launavísitölu en taxtahækkunum Eflingar og SGS. Þessi trygging mun skila sér í um 0,58% hækkun taxa Eflingar frá og með 1. apríl, sem þýðir að heildar taxtahækkun ársins 2025

verður um 6,2% í stað 5,6%. Einnig er í samningnum ákvæði um frekari hækkunir ef framleiðniaukning verður meiri en í venjulegu árferði.

Þessi blanda meiri hlutfallshækkana til lægri hópa og aukinna tilfærslna frá velferðarkerfinu til heimila var hugsuð til að skila meiri kaupmáttaraukningu til lægri launahópa. Lausung fyrirtækja gagnvart launaskriði til hærri hópa getur hins vegar vegið gegn þeim jöfnunaráhrifum sem í samningnum felast. Umfang þess á þó eftir að koma í ljós á næstu misserum. Það skýtur auðvitað skökku við að atvinnurekendur skuli sífellt kvarta yfir of miklum launahækkunum í kjarasamningum en bæta síðan sjálfir við launaskriði til hærri hópa umfram umsamdar hækkunir. Þar fer ekki saman hljóð og mynd.

Bætt réttindastaða launafólks

Í samningnum eru einnig ákvæði um bætta réttindastöðu launafólks, er lýtur m.a. að vinnuvernd, starfsmenntun og breyttri ávinnslu orlofs. Þá er sérstök hækkun til ræstingafólks, bæði með taxtahækkun og sérstakri álagsgreiðslu upp á 19.500 krónur á mánuði miðað við fullt starf. Það skilar ræstingafólki mun meiri hækkunum en öðrum hópum. Því miður hefur þó komið í ljós að sum fyrirtæki reyna að koma sér undan því að skila þeirri kjarabót að fullu til ræstingafólks og beitir Efling sér, ásamt ASÍ og SGS, nú af krafti fyrir leiðréttingum á því.

Almennt hafði Efling þá stefnu að semja um sama ramma kjarabóta í opinbera geiranum, samhliða smærri lagfæringum á sértækum kjaraatriðum í einstökum greinum eða vinnustöðum. Í samningi við samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu var t.d. samið um sérstakt átak til að efla mönnun í umönnunarstörfum á hjúkrunarheimilum, til að draga úr álagi á starfsfólk. Þar hefur enn ekki tekist að fá fram fulla efnd þeirra markmiða í mars 2025 og hefur Efling því boðað uppsögn þess samnings vegna vanefnda.

Samningur Breiðfylkingarinnar náði til um 70% af almenna vinnumarkaðinum og hefur hann því verið lagður til grundvallar annarra samninga í flestum tilvikum. Samningurinn hefur þegar þetta er skrifað skilað hóflegri kaupmáttaraukningu launa og verðbólga hefur lækkað umtalsvert frá undirritun. Lækkun stýrivaxta er hafin, en hún dróst þó full mikið, einkum vegna áframhaldandi mikils eftirspurnarþrýstings frá ferðaþjónustunni og viðvarandi of háum verðbólguvæntingum í fyrirtækjum og fjármálagreifum. Þá er verðbólguþrýstingur frá húsnæðismarkaðnum enn of mikill og bíður þar mikilvægt verkefni fyrir stjórnvöld, sem hafa lofað bráðaaðgerðum til að taka á því.

Almennt eru ágætastar horfur á að samningur Breiðfylkingarinnar skili láglaunafólki árangri, að því gefnu að ekki komi til óvæntra stóráfalla innanlands eða á alþjóðavettvangi. En þá gæti reynt á forsenduákvæði samningsins haustið 2025 og 2026, bæði gagnvart viðsemjendum á almennum markaði og gagnvart framlagi stjórnvalda. Efling hefur sýnt sig að vera tilbúin að leita nýrra leiða til kjarabóta fyrir félagsmenn sína og víða má sækja fram til frekari árangurs á komandi árum, samhliða hefðbundnum áherslum kjarabaráttunnar. ➡

Stjórnir Eflingar 2024–2025

Stjórn Eflingar

Sólveig Anna Jónsdóttir, *formaður*
Þórir Jóhannesson, *varaformaður*
Michael Bragi Whalley, *gjaldkeri*
Barbara Maria Sawka, *ritari*
Guðbjörg María Jósepsdóttir
Guðmunda Valdís Helgadóttir
Hjörtur Birgir Jóhannuson

Ian Phillip McDonald
Innocentia Fiati
Karla Esperanza Barralaga Ocon
Kolbrún Valvesdóttir
Olga Leonsdóttir
Rögnvaldur Ómar Reynisson
Sæþór Benjamín Randalsson

Stjórnir nefnda og sjóða

Fræðslusjóður

Aðalmenn

Michael Bragi Whalley, *formaður*
Hjörtur Birgir Jóhannuson,
varaformaður
Barbara Maria Sawka
Innocentia Fiati Friðgeirsson
Karla Barralaga Ocon

Varamenn

Greta Íris Karlsdóttir
Katrín Phumipraman

Sjúkrasjóður

Aðalmenn

Sólveig Anna Jónsdóttir, *formaður*
Þórir Jóhannesson, *varaformaður*
Olga Leonsdóttir
Kolbrún Valvesdóttir
Ragnar Ólason

Varamenn

Bozena Bronisława Raczowska
Mary Jane Gonzales Munoz

Orlofssjóður

Aðalmenn

Sólveig Anna Jónsdóttir, *formaður*
Guðbjörg María Jósepsdóttir,
varaformaður
Guðmunda Valdís Helgadóttir
Ian Phillip McDonald
Michael Bragi Whalley

Varamenn

Hlíf Berglind Óskarsdóttir
Örvar Þór Guðmundsson

Vinnudeilusjóður

Aðalmenn

Sæþór Benjamín Randalsson, *formaður*
Rögnvaldur Ómar Reynisson,
varaformaður
Ásthildur J L Kolbeins
Guðmundur Ingi Þóroddsson
Heiðberg Leó Hreinsson

Varamenn

Lucyna Dybka
Valtýr Björn Thors

Styrkjanefnd stjórnar Eflingar

Þórir Jóhannesson, *formaður*
Guðmunda Valdís Helgadóttir
Hjörtur Birgir Jóhannuson
Karla Esperanza Barralaga Ocon
Sólveig Anna Jónsdóttir

Kjörstjórn 2024–2026

Aðalmenn

Karen Ósk Nielsen, *lögmaður ASÍ*,
tilnefnd af ASÍ
Anna Björk Ágústsdóttir
Erla Hestnes
Grétar Sigurðsson
Reynaldo C. Renegado

Varamenn

Halldór Oddsson, *lögmaður ASÍ*,
tilnefndur af ASÍ
Heiðberg Leó Hreinsson
Hreinn Jónsson
Signe R. Skarsbó
Vigdís Einarsdóttir Hagerup

Flóamennt

Aldís Magnúsdóttir
Halldóra Friðjónsdóttir
Kolbeinn Gunnarsson
Sigríður Sigurðardóttir
Sólveig Anna Jónsdóttir
Ragnar Ólason

Starfsmenntasjóður Eflingar og Reykjavíkurborgar

Sólveig Anna Jónsdóttir
Ragnar Ólason
Ásta Bjarnadóttir
Íris Jóhannsdóttir

Fræðslusjóður Eflingar, Kópavogs og Seltjarnarness

Sólveig Anna Jónsdóttir
Ragnar Ólason
Sigríður Þrúður Stefánsdóttir
Gunnar Lúðvíksson

Uppstillingarnefnd 2024–2026

Aðalmenn

Alexa Patrizi
Benni Singh
Hjördís Bech Ásgeirsdóttir
Hlynur G. Ómarsson
Hörður Aðalsteinsson

Varamenn

Adrian Stoenescu
Heiðberg Leó Hreinsson
Jón Ísak Hróarsson
Mary Jane Gonzales Munoz
Örvar Þór Guðmundsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og félagsmanna Eflingar stéttarfélags

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Eflingar stéttarfélags fyrir árið 2024. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2024, efnahag þess 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Eflingu stéttarfélagi í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og formaður bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innfela ársskýrslu félagsins.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innfela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Ábyrgð stjórnar og formanns á samstæðuársreikningnum

Stjórn og formaður eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og formaður eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins eru stjórn og formaður ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Eflingar stéttarfélags. Ef við á, skulu stjórn og formaður setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, nema stjórn og formaður hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda samstæðuársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu samstæðuársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningssskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við samstæðuársreikninginn með tilliti til glöggtrar myndar.
- Öflum fullnægjandi endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan samstæðunnar, til að geta látið í ljós álit á samstæðuársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ein ábyrgð á álit okkar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogur, 3. apríl 2025

Deloitte ehf.



Signý Magnúsdóttir
endurskoðandi

Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir félagslega kjörnir skoðunarmenn höfum yfirfarið þennan samstæðuársreikning og með tilvísun til áritunar endurskoðanda félagsins leggjum við til að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 3. apríl 2025



Alexa Tracia Patrizi



Valtýr Björn Thors

Skýrsla stjórnar

Samstæðuársreikningur Eflingar stéttarfélags fyrir árið 2024 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga að undanskildum kröfum um framsetningu bundinna eiginfjárreikninga þar sem um félagasamtök er að ræða.

Megin hlutverk Eflingar stéttarfélags er að vinna að gerð kjarasamninga, túlka þá félagsmönnum í hag, byggja upp réttindi í sjóðum fyrir félagsmenn og verja réttindi þeirra í kjarasamningum og vinnudeilum, gagnvart slysa- og veikindarétti, orlofsmálum og í fræðslumálum. Efling stéttarfélag veitir félagsmönnum sínum fjölpætta þjónustu á þessum sviðum.

Starfsemin á árinu og framtíðarhorfur

Félagsgjöld félagsins námu 3.528,8 millj. kr. á árinu 2024 (2023: 3.184,4 millj. kr.) og hækkuðu því um 344,5 millj. kr. milli ára eða um 11%. Hagnaður félagsins á árinu 2024 nam 1.281,5 millj. kr. (2023: 714,8 millj. kr.). Eigið fé nam 16.272,0 millj. kr. í árslok (árslok 2023: 14.761,1 millj. kr.). Í árslok var eiginfjárhlutfall 97,29% (árslok 2024: 98,36%).

Tillaga til aðalfundar

Stjórn félagsins leggur til að hagnaður ársins verði yfirfærður til næsta árs en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.

Stjórn og formaður Eflingar stéttarfélags staðfestir hér með samstæðuársreikning félagsins með undirritun sinni.

Reykjavík, 3. apríl 2024

Í stjórn

Barbara M Sawka (ritari)


Guðmunda Valdís Helgadóttir


Ian P McDonald


Karla E B Ocon


Michael B Whalley (gjaldkeri)


Rögnvaldur Ó Reynisson


Þórir Jóhannesson (varaformaður)

Formaður


Sólveig Anna Jónsdóttir


Guðbjörg M Jósepsdóttir


Hjörtur B Jóhannuson


Innocentia Fiati

Kolbrún Valvesdóttir

Olga Leonsdóttir


Sæþór B Randalsson

Framkvæmdastjóri


Perla Ösp Ásgeirsdóttir

Rekstrarreikningur 2024

	Skýr.	2024	2023
Tekjur			
Félagsgjöld		3.528.831.962	3.184.376.491
Leigutekjur orlofshúsa	4	85.311.829	87.751.478
Aðrar tekjur	5	38.534.353	50.027.010
Tekjur samtals		3.652.678.144	3.322.154.979
Kostnaður			
Bætur og styrkir	6	(1.734.804.258)	(1.811.352.475)
Laun og starfsmannakostnaður	7	(637.595.214)	(526.025.076)
Kostnaður vegna félagslegs starfs	8	(263.174.815)	(286.985.734)
Rekstur orlofshúsa og önnur orlofspjónusta	9	(266.564.524)	(155.664.966)
Rekstrarkostnaður	10	(124.210.398)	(130.713.613)
Innheimta félagsgjalda	11	(54.066.450)	(74.711.071)
Húsnæðiskostnaður	12	(97.905.260)	(101.262.639)
Rekstur vinnudeilusjóðs	13	(10.896.488)	(222.498.391)
Afskriftir fastafjármuna	15	(42.193.473)	(40.174.372)
Kostnaður samtals		(3.231.410.880)	(3.349.388.337)
Rekstrarniðurstaða		421.267.264	(27.233.358)
Fjármagnstekjur	14	537.194.950	470.944.099
Fjármagnsgjöld	14	(4.698.056)	(4.520.008)
Gangvirðisbreyting verðbréfa	14	554.989.606	446.953.397
Fjármagnstekjuskattur		(227.707.149)	(171.334.432)
		859.779.351	742.043.056
Tekjur umfram gjöld		1.281.046.615	714.809.698

Efnahagsreikningur 31.12.2024

Eignir	Skýr.	31/12/2024	31/12/2023
Fastafjármunir			
Orlofsbyggðir og orlofshús	17	2.956.309.278	2.396.650.792
Lóðir og fasteignir	15	412.193.136	397.102.737
Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir	15	103.527.650	93.031.448
Verðbréfasjóðir	16	7.020.649.004	5.150.237.639
Skuldabréfaeign	16	5.906.813	1.218.912.034
		<u>10.498.585.881</u>	<u>9.255.934.650</u>
Veltufjármunir			
Bundnar innstæður	18	4.388.488.363	4.391.438.734
Handbært fé		1.698.503.860	1.065.753.375
Viðskiptakröfur		94.642.969	272.804.440
Birgðir		4.466.100	0
Aðrar skammtímakröfur		41.051.259	21.279.163
		<u>6.227.152.551</u>	<u>5.751.275.712</u>
Eignir		<u>16.725.738.432</u>	<u>15.007.210.372</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Sérstakur endurmatsreikningur	19	1.024.855.285	794.935.072
Óráðstafað eigið fé		15.247.166.572	13.966.119.957
		<u>16.272.021.857</u>	<u>14.761.055.029</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Áfallinn fjármagnstekjuskattur	20	184.727.121	74.966.177
		<u>184.727.121</u>	<u>74.966.177</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		38.091.091	21.050.713
Aðrar skammtímaskuldir		230.898.363	150.138.453
		<u>268.989.454</u>	<u>171.189.166</u>
Skuldir		<u>453.716.575</u>	<u>246.155.343</u>
Eigið fé og skuldir		<u>16.725.738.432</u>	<u>15.007.210.372</u>

Yfirlit um sjóðstreymi 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Tekjur umfram gjöld		1.281.046.615	714.809.698
Afskriftir		42.193.473	40.174.372
Hækkun, (lækkun) á skuldbindingu fjármagnstekjuskatts		109.760.944	31.140.062
Gangvirðisbreytingar af eignum og skuldum		(554.810.956)	(446.954.069)
Veltufé frá rekstri		878.190.076	339.170.063
Aðrar rekstartengdar eignir (hækkun), lækkun		(75.690.507)	37.636.241
Rekstartengdar skuldir, hækkun		327.414.080	17.090.610
Handbært fé frá rekstri		1.129.913.649	393.896.914
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir		(397.518.347)	(80.198.769)
Keypt/seld skuldabréf		1.216.390.329	1.667.975
Afborganir skuldabréfa		23.099.438	112.504.440
Keypt/seld fjárfestingaverðbréf		(1.342.084.955)	(1.128.112.488)
Bundnar bankainnstæður, lækkun		2.950.371	772.658.262
		(497.163.164)	(321.480.580)
Hækkun handbærs fjár		632.750.485	72.416.334
Handbært fé í upphafi árs		1.065.753.375	993.337.041
Handbært fé í lok árs		1.698.503.860	1.065.753.375

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Efling stéttarfélag er stéttarfélag með starfssvið sem nær yfir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, Kópavogs, Seltjarnarness, Mosfellsbæjar og Kjósarsýslu að Botnsá, Grímsnes og Grafningshrepp, Hveragerðisbæ og Sveitarfélagið Ölfus. Starfssvið félagsmanna sem starfa á veitinga- og gististöðum og við iðnað nær auk þess yfir Hafnarfjörð og Garðabæ. Starfssvið félagsmanna sem starfa á Vífilsstöðum og í heimaþjónustu nær auk þess yfir Garðabæ. Félagið er aðili að Sjómannasambandi Íslands og með beina aðild að Alþýðusambandi Íslands.

Efling stéttarfélag er með heimilisfesti á Íslandi og er lögheimili félagsins að Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Samstæðuársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur að undanskildum kröfum um framsetningu bundinna eiginfjárreikninga þar sem um félagasamtök er að ræða. Samstæðuársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að undanskildum markaðsverðbréfum sem færð eru á gangvirði og orlofshúsum sem endurmetin eru árlega. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Samstæðuársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

2.a Grundvöllur reikningsskilanna

Framsetning á rekstrarkostnaði í rekstrarreikningi er breytt frá fyrra ári vegna innleiðingar á nýju fjárhagskerfi hjá félaginu. Við innleiðinguna var ákveðið að breyta bókhaldslyklum til þess að ná að endurspegla með betri hætti eðli þess kostnaðar sem fellur til hjá félaginu. Hér að neðan er að finna afstemningu á þeim rekstararliðum þar sem að samanburði hefur verið breytt.

	Eftir breytingu	Fyrir breytingu
	2023	2023
* Rekstur skrifstofu	0	731.449.760
Rekstrarkostnaður	130.713.613	0
Laun og starfsmannakostnaður	526.025.076	0
Innheimta félagsgjalda	74.711.071	0
	<u>731.451.783</u>	<u>731.451.783</u>
	2023	2023
* Kostnaður vegna félagslegs starfs	286.985.734	314.128.965
Rekstur vinnudeilusjóðs	27.143.231	0
	<u>314.130.988</u>	<u>314.130.988</u>
	2023	2023
* Bætur og styrkir	1.811.352.475	2.006.707.635
Rekstur vinnudeilusjóðs	195.355.160	0
	<u>2.006.709.658</u>	<u>2.006.709.658</u>

* Stjórnumerking er heiti liðar í ársreikning 2023

3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

4. Leigutekjur orlofshúsa

Vegna innleiðingar á nýju félagakerfi og nýtingar Grindvíkinga á orlofshúsum á árinu er lítilleg lækkun á leigutekjum á milli ára.

5. Aðrar tekjur

	2024	2023
Húsaleigutekjur	23.459.306	24.256.644
Samningur við Virk	11.946.870	11.111.712
Aðrar tekjur	3.128.177	14.658.654
	<u>38.534.353</u>	<u>50.027.010</u>

6. Bætur og styrkir

	2024	2023
Sjúkradagpeningar	1.534.693.898	1.592.513.975
Gleraugnastyrkur	35.241.275	37.839.334
Heilsurækt	64.475.473	71.044.557
Heyrnartækjastyrkur	2.413.700	3.372.056
Sjúkra/endurþjálfun	15.976.997	19.901.406
Laser augnaðgerðir	4.381.359	3.958.018
Tæknifrjóvgun	5.773.947	8.497.520
Forvarnarstyrkur	8.134.012	8.442.664
Sálfræðipjónusta	43.150.200	45.163.618
Dánarbætur	19.479.479	19.263.532
Dvöl á heilsustofnun	450.000	691.047
Leiðrétt styrktarupphæð	633.918	364.748
Sérstök samþykkt	0	300.000
	<u>1.734.804.258</u>	<u>1.811.352.475</u>

7. Laun og starfsmannakostnaður

	2024	2023
Laun	503.022.255	411.070.499
Lífeyrissjóður	61.389.079	53.836.518
Önnur launatengd gjöld	42.862.317	34.971.005
Annar starfsmannakostnaður	30.321.563	26.147.054
	<u>637.595.214</u>	<u>526.025.076</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	39	33

8. Kostnaður vegna félagslegs starfs

	2024	2023
Aðildarfélagsgjöld	134.901.773	150.484.833
Aðkeypt þjónusta	61.604.895	41.361.142
Námskeið félagsmanna	15.685.436	16.089.415
Birtingarkostnaður	9.144.667	20.575.021
Annað vegna félagsmanna	41.838.044	58.475.303
	<u>263.174.815</u>	<u>286.985.714</u>

9. Rekstur orlofshúsa og önnur orlofsþjónusta

	2024	2023
Viðhald	71.030.873	38.874.843
Rafmagn og hiti	12.177.565	13.127.536
Fasteignagjöld	16.091.226	13.417.291
Tryggingar	3.363.502	4.533.515
Umsjón og þrif	19.162.229	14.758.926
Leiga á orlofshúsum	14.659.461	10.300.458
Rekstrarframlag	78.559.587	64.190.932
Endurgreiðsla VSK	(8.295.161)	(51.220.025)
Annar rekstrarkostnaður	46.556.779	33.353.200
Niðurgreiðslur flugfélaga og korta	13.258.463	14.328.290
	<u>266.564.524</u>	<u>155.664.966</u>

10. Rekstrarkostnaður

	2024	2023
Upplýsingatæknikostnaður	57.187.696	73.273.652
Endurskoðun	13.953.179	15.120.391
Annar sérfræðikostnaður	30.525.036	16.982.661
Annar rekstrarkostnaður	22.544.487	25.336.909
	<u>124.210.398</u>	<u>130.713.613</u>

11. Innheimta félagsgjalda

	2024	2023
Innheimta félagsgjalda	10.625.891	74.088.771
Niðurfærsla viðskiptakrafna	39.780.903	0
Afskrifaðar viðskiptakröfur	3.659.656	622.300
	<u>54.066.450</u>	<u>74.711.071</u>

12. Húsnæðiskostnaður

	2024	2023
Hússjóður	33.036.165	32.730.992
Fasteignagjöld	19.493.600	19.182.900
Viðhald og framkvæmdir	23.406.071	23.476.595
Annar húsnæðiskostnaður	21.969.424	25.872.152
	<u>97.905.260</u>	<u>101.262.639</u>

13. Rekstur vinnudeilusjóðs

	2024	2023
Kostnaður v. kjarasamninga	10.896.488	27.143.231
Verkfallsstyrkir	0	195.355.160
	<u>10.896.488</u>	<u>222.498.391</u>

14. Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld

Fjármagnstekjur greinast þannig:	2024	2023
Vaxtatekjur af bankareikningum	487.286.473	443.569.740
Vaxtatekjur af félagsgjöldum og iðgjöldum	10.849.507	16.666.557
Vaxtatekjur af öðrum skammtímakröfum	2.050.113	440
Endurgreiðsla vegna verðbréfakaupa	34.222.804	7.840.888
Arður	2.756.700	2.898.000
	<u>537.165.597</u>	<u>470.975.625</u>
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Önnur vaxtagjöld	(4.698.056)	(4.520.008)
	<u>(4.698.056)</u>	<u>(4.520.008)</u>
Gangvirðisbreytingar eru eftirfarandi:		
Vextir og gengismunur af verðbréfasjóða	528.507.007	424.326.494
Vextir og gengismunur af skuldabréfaeigna	26.482.599	22.626.903
Gengismunur	29.353	(31.526)
	<u>555.018.959</u>	<u>446.921.871</u>
	<u>1.087.486.500</u>	<u>913.377.488</u>

15. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Fasteignir og lóðir	Húsbúnaður, hugbúnaður og bifreiðar	Samtals
Kostnaðarverð			
Staða 1.1.2023	787.567.086	214.101.637	1.001.668.723
Eignfært á árinu	0	40.422.312	40.422.312
Selt og aflagt á árinu	0	(2.224.343)	(2.224.343)
Staða 1.1.2024	787.567.086	252.299.606	1.039.866.692
Eignfært á árinu	22.560.362	49.999.712	72.560.074
Selt og aflagt á árinu	0	(5.975.000)	(5.975.000)
Staða 31.12.2024	<u>810.127.448</u>	<u>296.324.318</u>	<u>1.106.451.766</u>
Afskriftir			
Staða 1.1.2023	383.219.990	126.338.145	509.558.135
Afskrift ársins	7.244.359	32.930.013	40.174.372
Staða 1.1.2024	390.464.349	159.268.158	549.732.507
Afskrift ársins	7.469.963	34.723.510	42.193.473
Selt og aflagt á árinu	0	(1.195.000)	(1.195.000)
Staða 31.12.2024	<u>397.934.312</u>	<u>192.796.668</u>	<u>590.730.980</u>
Bókfært verð			
Staða 1.1.2023	404.347.096	87.763.492	492.110.588
Staða 1.1.2024	397.102.737	93.031.448	490.134.185
Staða 31.12.2024	<u>412.193.136</u>	<u>103.527.650</u>	<u>515.720.786</u>
Afskriftarhlutföll	0-1%	12-25%	

Fasteignamat og váttryggingamat eigna samstæðunnar í árslok:	Fasteignamat	Váttryggingamat
Guðrúnartún 1	1.129.000.000	1.909.050.000
Iðnó, Vonarstræti 3	85.386.620	26.587.705
Breiðamörk 19	65.950.000	93.850.000

Efling stéttarfélag á 28,33% í eigninni Vonarstræti 3. Reykjavíkurborg á 55% í eigninni og Sjómannafélag Íslands 16,67%.
Reykjavíkurborg annast rekstur og viðhald á eigninni Vonarstræti 3.
Efling stéttarfélag á listasafn sem metið er á kr. 10.377.000 í lok árs.

16. Skuldabréfa- og verðbréfaeignir

	31/12/2024	31/12/2023
Verðbréfasjóðir	6.981.649.004	5.111.237.639
Skuldabréf með ábyrgð ríkisins	5.906.813	1.218.912.034
Eignarhlutur í félögum	39.000.000	39.000.000
	<u>7.026.555.817</u>	<u>6.369.149.673</u>

17. Orlofsbyggðir og orlofshús

	Fasteignamat 2024	Fasteignamat 2023	Matsbreyting
Stóra-Fljót Reykholti, 12 hús	571.450.000	545.120.000	26.330.000
Svignaskarð 17 hús	529.580.000	469.450.000	60.130.000
Akureyri 4 íbúðir, 4 raðhús	392.150.000	366.050.000	26.100.000
Ölfusborgir 10 hús	212.507.637	202.144.146	10.363.491
Brekkuskógur 3 hús	134.950.000	119.050.000	15.900.000
Hvammur 1 hús ásamt sumarbústaðarlöndum	113.350.000	104.890.000	8.460.000
Svignaskarð, jarðir og bygg. Og íbúðarhús í Skarði	110.378.952	101.898.000	8.480.952
Stykkishólmur 3 hús	113.600.000	98.350.000	15.250.000
Svignaskarðsland 2 hús	84.700.000	66.500.000	18.200.000
Úthlíð 3 hús	59.800.000	56.790.000	3.010.000
Einarsstaðir 3 hús	63.050.000	52.900.000	10.150.000
Hellishólar	52.650.000	46.150.000	6.500.000
Kirkjubæjarklaustur 2 hús	41.250.000	38.300.000	2.950.000
Illugastaðir 2 hús	37.350.000	31.500.000	5.850.000
Hólmavík	27.700.000	22.850.000	4.850.000
Flókalundur 2 hús	24.100.000	20.700.000	3.400.000
	<u>2.568.566.589</u>	<u>2.342.642.146</u>	<u>225.924.443</u>

Orlofshús eru endurmetin á ári hverju miðað við breytingar á fasteignamati á milli ára. Endurmatið er fært sem sérstakt endurmat yfir eigið fé.

Eignarhlutur í orlofsbyggðum:

	Hlutdeild	Eignarhlutur 2024	Eignarhlutur 2023	Breyting
Orlofsbyggðin Ölfusborgum	27,8%	37.959.242	36.912.984	1.046.258
Orlofsbyggðin Svignaskarði	47,0%	7.325.648	7.262.328	63.320
Orlofsbyggðin Illugastöðum	6,0%	8.188.347	6.489.467	1.698.880
Orlofsbyggðin Flókalundi	15,4%	4.531.180	3.343.867	1.187.312
		<u>58.004.416</u>	<u>54.008.646</u>	<u>3.995.770</u>

Eignarhlutur í Orlofsbyggðum er færður miðað við hlutdeild í eigin fé orlofsbyggðanna miðað við samþykkt ársreikninga þeirra.

Efling á aðild að þremur veiðifélögum. Veiðifélagi Gljúfurár í gegnum landið Svignaskarð, einnig Veiðifélagi Norðurár vegna sömu landareignar og Tungufljótsdeild Veiðifélags Árnesinga vegna landspildu í Stóra-Fljóti, Bláskógabyggð. Hlutur Eflingar í Gljúfurá er 20,1%, hlutur í Norðurá er 1 % og hlutur í Tungufljótsdeild er 0,9%. Arður er greiddur út til landeiganda í samræmi við þetta.

Efling hefur engar kvaðir eða skyldur vegna aðildar að félögunum aðrar en að leyfa aðgang að ánum vegna veiðimanna. Réttindi eru réttur til þátttöku á félags- og aðalfundum með tillögu- og atkvæðisrétti. Allar þessar ár eru í útleigu samkvæmt útboðum og leigðar út til nokkurra ára í senn.

Orlofshús í byggingu	Bókfært verð 31.12.2023	Eignfærsla ársins	Bókfært verð 31.12.2024
Svignaskarð 35	0	44.666.665	44.666.665
Svignaskarð 39	0	43.578.568	43.578.568
Svignaskarð 40	0	35.368.580	35.368.580
Svignaskarð 45	0	45.324.487	45.324.487
Eyrarflöt	0	45.767.500	45.767.500
Aðalgata 16 Stykkishólmur	0	115.032.473	115.032.473
	0	329.738.273	329.738.273

Orlofshús í byggingu eru færð á kostnaðarverði fram að því að þau eru tekin í notkun og frá þeim tíma eru þau endurmetin samanber aðferðarfræði hér að ofan

18. Bundnar innstæður

	31/12/2024	31/12/2023
Bundnar innstæður - Landsbanki	4.388.488.363	4.391.438.734
	4.388.488.363	4.391.438.734

Bundnar innstæður eru innstæður á bankareikningum sem eru bundnir í 30 daga eða meira.

19. Eigið fé

Eigið fé greinist þannig:	Endurmats- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1.2023	501.041.825	13.251.310.259	13.752.352.084
Endurmat fastafjárm.	293.893.247	0	293.893.247
Gjöld umfram tekjur	0	714.809.698	714.809.698
Eigið fé 1.1.2024	794.935.072	13.966.119.957	14.761.055.029
Endurmat fastafjárm.	229.920.213	0	229.920.213
Tekjur umfram gjöld	0	1.281.046.615	1.281.046.615
Eigið fé 31.12.2024	1.024.855.285	15.247.166.572	16.272.021.857

20. Áfallinn fjármagnstekjuskattur

	31/12/2024	31/12/2023
Staða í ársbyrjun	74.966.177	43.826.115
Greiddur fjármagnstekjuskattur á árinu	(117.946.205)	(140.194.370)
Breytingar á skuldbindingu vegna áfallins fjármagnstekjuskatts	227.707.149	171.334.432
Staða í árslok	184.727.121	74.966.177

21. Reikningsskilaaðferðir

Skráning tekna

Félagsgjöld eru tekjufærð þegar skilagreinar berast frá atvinnurekendum.

Leigutekjur af orlofshúsum eru tekjufærðar við nýtingu orlofshúsa.

Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning. Peningalegar eignir og skuldir í erlendri mynt eru umreiknaðar miðað við gengi myntar árslok og er áfallinn gengismunur færður í rekstrarreikning á meðal fjármagnsliða.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru afskrifaðir línulega á áætluðum nýtingartíma þeirra, að teknu tilliti til vænts hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi og er færður við rekstrarreikning við sölu.

Verðbréf

Skuldabréf og verðbréf sem skráð eru á virkum markaði eru færð á gangvirði og færast gangvirðisbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem hún fellur til. Óskráð hlutabréf eru færð á kostnaðarverði.

Óinnheimt félagsgjöld

Óinnheimt félagsgjöld eru færð á nafnverði.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Handbært fé

Handbært fé samstæðunnar samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að samstæðan verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallins kostnaðar.

Sundurliðanir

Viðskiptakröfur

	31/12/2024	31/12/2023
Innlendar viðskiptakröfur	134.423.872	272.804.440
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	(39.780.903)	0
	<u>94.642.969</u>	<u>272.804.440</u>

Aðrar skammtímakröfur

	31/12/2024	31/12/2023
Greiddir styrkir fyrir starfsmenntasjóði	14.096.212	0
Ýmsar aðrar kröfur	26.955.047	21.279.163
	<u>41.051.259</u>	<u>21.279.163</u>

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	31/12/2024	31/12/2023
Veltureikningar - Landsbankinn hf.	1.698.503.860	1.065.753.375
	<u>1.698.503.860</u>	<u>1.065.753.375</u>

Viðskiptaskuldir

	31/12/2024	31/12/2023
Innlendar viðskiptaskuldir	38.091.091	21.050.713
	<u>38.091.091</u>	<u>21.050.713</u>

Aðrar skammtímaskuldir

	31/12/2024	31/12/2023
Ógreidd laun og launatengd gjöld	133.627.184	88.890.755
Skuld við starfsmenntasjóði	62.964.619	29.649.093
Ógreiddur fjármagnstekjuskattur	0	1.857.434
Ógreitt v/félagsmannasjóður	28.795.253	29.672.312
Aðrar skuldir	5.511.307	68.859
	<u>230.898.363</u>	<u>150.138.453</u>

Samstæðuyfirlit Eflingar stéttarfélags fyrir 2024

Rekstrarreikningur

	Samstæða	Jöfnunarfærslur	Samtals	Félagsgjöld	Sjúkragjöld	Orlofsgjöld	Vinnudeilugjöld	Fræðslugjöld	Styrktarsjöld
Félagsgjöld	3.528.831.962	0	3.528.831.962	1.037.323.206	1.629.540.292	500.869.664	196.718.070	78.685.380	85.695.350
Leigutekjur orlofsúsa	85.311.829	0	85.311.829	0	0	85.311.829	0	0	0
Aðrar tekjur	38.534.353	0	38.534.353	13.195.406	23.459.306	1.879.641	0	0	0
Tekjur samtals	3.652.678.144	0	3.652.678.144	1.050.518.612	1.652.999.598	588.061.134	196.718.070	78.685.380	85.695.350
Kostnaður									
Bætur og styrkir	(1.734.804.258)	0	(1.734.804.258)	0	(1.697.605.188)	0	0	0	(37.199.070)
Laun og starfsmannakostnaður	(637.595.214)	0	(637.595.214)	(509.524.958)	0	(76.843.832)	0	(51.226.424)	0
Kostnaður vegna félagslegs starfs	(263.174.815)	0	(263.174.815)	(242.394.846)	(1.188.807)	(1.188.807)	(91.447)	(17.945.121)	(365.787)
Rekstur orlofsúsa	(266.564.524)	0	(266.564.524)	0	0	(266.564.524)	0	0	0
Rekstrarkostnaður	(178.276.848)	0	(178.276.848)	(93.267.914)	(38.647.005)	(23.086.157)	(3.696.366)	(13.074.466)	(6.504.940)
Húsnæðiskostnaður	(97.905.260)	0	(97.905.260)	(45.689.738)	(39.236.541)	(6.249.139)	(1.922.812)	(4.807.030)	0
Rekstur vinnudeilugjóðs	(10.896.488)	0	(10.896.488)	0	0	0	(10.896.488)	0	0
Afskriftir fastafjármuna	(42.193.473)	0	(42.193.473)	(25.851.623)	(11.277.695)	(5.064.155)	0	0	0
Kostnaður samtals	(3.231.410.880)	0	(3.231.410.880)	(916.729.079)	(1.787.955.236)	(378.996.614)	(16.607.113)	(87.053.041)	(44.069.797)
Rekstrarniðurstaða	421.267.264	0	421.267.264	133.789.533	(134.955.638)	209.064.520	180.110.957	(8.367.661)	41.625.553
Fjármagnstekjur	537.194.950	0	537.194.950	69.310.124	218.395.961	61.873.118	137.282.244	32.506.236	17.827.267
Fjármagnsgjöld	(4.698.056)	0	(4.698.056)	(2.773.720)	(47.590)	(1.859.440)	(8.684)	(8.622)	0
Gangvörðsbreyting verðbréfa	554.989.606	0	554.989.606	175.574.699	221.435.317	0	157.979.590	0	0
Fjármagnstekjuskattur	(227.707.149)	0	(227.707.149)	(51.070.849)	(90.264.986)	(12.909.073)	(62.394.811)	(7.145.431)	(3.921.999)
	859.779.351	0	859.779.351	191.040.254	349.518.702	47.104.605	232.858.339	25.352.183	13.905.268
Tekjur umfram gjöld	1.281.046.615	0	1.281.046.615	324.829.787	214.563.064	256.169.125	412.969.296	16.984.522	55.530.821

Sjóðstreymi

	Samstæða	Jöfnunarfærslur	Samtals	Félagssjóður	Sjúkrasjóður	Orlofssjóður	Vinnudeilussjóður	Fræðslusjóður	Stýrktarsjóður
Rekstrarhreyfingar									
Tekjur umfram gjöld	1.281.046.615	0	1.281.046.615	324.829.787	214.563.064	256.169.125	412.969.296	16.984.522	55.530.821
Afskriftir	42.193.473	0	42.193.473	25.851.623	11.277.695	5.064.155	0	0	0
Hækkun, (lækkun) á skuldb. fjármagnstekjuskatts	109.760.944		109.760.944	37.166.684	40.842.328	0	31.751.932	0	0
Verðbætur og gangvirlsbr. af eignum og skuldum	(554.810.956)		(554.810.956)	(175.396.049)	(221.435.317)	0	(157.979.590)	0	0
Velturé frá rekstri	878.190.076	0	878.190.076	212.452.045	45.247.770	261.233.280	286.741.638	16.984.522	55.530.821
Aðrar rekstrartengdar eignir, (hækkun)	(75.690.507)	(811.149.492)	735.458.985	108.175.482	370.791.160	14.480.337	219.231.279	4.641.192	18.139.535
Rekstrartengdar skuldir, hækkun	327.414.080	811.149.492	(483.735.412)	(306.536.703)	(11.194.139)	(20.202.320)	(2.497.448)	(121.144.887)	(22.159.915)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	1.129.913.649	0	1.129.913.649	14.090.824	404.844.791	255.511.297	503.475.469	(99.519.173)	51.510.441
Handbært fé frá rekstri	1.129.913.649	0	1.129.913.649	14.090.824	404.844.791	255.511.297	503.475.469	(99.519.173)	51.510.441
Fjárfestingahreyfingar									
Keyptir/seldir varanl. rekstrarfjárm	(397.518.347)		(397.518.347)	(57.064.928)	0	(340.453.419)	0	0	0
Keypt/seld skuldabréf	1.216.390.329		1.216.390.329	217.288.440	701.513.569	0	297.588.320	0	0
Aðorganir skuldabréfa	23.099.438		23.099.438	2.352.454	11.195.541	0	9.551.443	0	0
Keypt/seld fjárfestingaverðbréf	(1.342.084.955)		(1.342.084.955)	(332.739.573)	(708.628.308)	0	(300.717.074)	0	0
Bundnar bankainnstæður	2.950.371		2.950.371	493.378.967	(132.048.448)	35.635.222	(472.407.823)	89.949.053	(11.556.600)
	(497.163.164)	0	(497.163.164)	323.215.360	(127.967.646)	(304.818.197)	(465.985.134)	89.949.053	(11.556.600)
Hækkun handbærs fjár	632.750.485	0	632.750.485	337.306.184	276.877.145	(49.306.900)	37.490.335	(9.570.120)	39.953.841
Handbært fé í upphafi árs	1.065.753.375		1.065.753.375	63.729.114	12.544.152	424.172.640	295.385.809	255.714.114	14.207.546
Handbært fé í lok árs	1.698.503.860	0	1.698.503.860	401.035.298	289.421.297	374.865.740	332.876.144	246.143.994	54.161.387

